# A.

# VIÐBÆTIR.

## Konúngleg frumvörp

## og álitsmál, með ástæðum stjórnarinnar,

sem borin eru undir alþíngi

**1859.**

# I.

## Frumvarp

til

opins brèfs

viðvíkjandi breytíng á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrri en eptir miðaptan, mega hèr eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvölds á þessum dögum.

## Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Í bænarskrá, sem kom frá alþíngi 1857, var beðið um:

*a,* að samið yrði frumvarp til nýrrar tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi af nefnd manna, er til þess yrði sett á Íslandi,

*b,* að í frumvarpi þessu yrði einkum gjörð sú breytíng á tilskipun 28. marz 1855, að löghelgi sunnu- og helgidaga yrði ekki, eins og nú er, bundin við miðaptan, heldur látin vara allan daginn.

Til sönnunar fyrir þessum uppástúngum gat alþíngi þess, að eins og tilskipunin híngað til eigi hafi náð að vinna hylli alþýðu, eins og megi sjá af hinum mörgu umkvörtunum, er til þíngsins hafi komið, ekki að eins seinast, þá er þíng var haldið, heldur einnig þegar árið 1855, eins megi og sjá það fyrir, að hún eigi framvegis geti orðið þjóðleg á Íslandi, þar eð hún sè ekki vel löguð eptir högum landsins; og færði þíngið það til sem sönnun fyrir þessu, bæði að

tilskipunin takmarkaði löghelgi sunnu- og helgidaga við miðaptan, þar sem þó meðal almenníngs yfir höfuð ríki sú tilfinníng, að þessir dagar eigi allir að vera löghelgir, og líka það, að tilskipunin tali um suma þá vinnu og skemmtanir, sem einúngis eiga sèr stað í kaupstaðalífinu, án þess að gjöra greinarmun á því og sveitalífinu, þar sem á hinn bóginn virðist að vera með öllu sleppt ýmsum ósiðum, er tíðkist í sveitum, t. a. m. óþarfa útreiðum og drykkjuslarki á helgum dögum.

Hvað nú viðvíkur bænarskrá alþíngis um, að frumvarp til nýrrar helgidagatilskipunar fyrir Ísland yrði samið og lagt fyrir þíngið, skal þess fyrst getið, að alþíngi árið 1847 bað um, að hin gamla íslenzka helgidagatilskipun frá 29. maí 1744, er ekki þótti eiga við þessa tíma, og sem því að miklu leyti áleizt að vera geingin úr gildi, yrði endurbætt á þann hátt, að efni hennar fullnægði þörfum og kröfum hins yfirstandandi tíma; en yfirvöldin á Íslandi, er skorað var á að segja álit sitt um þetta efni, rèðu frá slíkri endurskoðun tilskipunarinnar, en rèðu til hins, að gefin væri út ný tilskipun, og lètu um leið það álit sitt í ljósi, að lögleiða mætti á Íslandi tilskipun fyrir Danmörku 26. marz 1845, ef einstakar ákvarðanir í henni yrði lagaðar eptir sèrstaklegu ástandi Íslands.

Samkvæmt þessu var frumvarpið samið, og var í því annaðhvort sleppt eður breytt öllum þeim ákvörðunum í tilskipun 26. marz 1845, sem ekki þóttu við eiga á Íslandi. Alþíngi fèllst yfir höfuð á frumvarp þetta, og er í álitsskjali alþíngis, dagsettu 30. júlí 1853, meðal annars farið um það þeim orðum: „að þíngið viðurkenni samhuga, að lagafrumvarp þetta lýsi kristilegum guðrækniss- og frjálslyndisanda, og aðhyllist því frumvarpið eindregið í öllum þess ákvörðunum yfir höfuð, en sèrstaklegt ásigkomulag lands þessa gjöri ýmsar smábreytíngar við það nauðsynlegar, en sem ekki í neinu raski aðalákvörðunum þess“. Breytíngar þær, er þíngið stakk upp á, voru einnig að mestu leyti orðabreytíngar, að því einu undanskildu, að þíngið fór fram á, að helgi sunnudagsins væri látin ná fram að miðaptni, í stað þess, að hún eptir frumvarpinu að eins var látin ná þángað til einni stundu eptir nón, og voru þessar tillögur þíngsins teknar til greina, þá er tilskipunin var gefin út.

Hvað því næst snertir ástæður þær, er alþíngi hefir byggt á það álit sitt, að nauðsynlegt sè að búa til ný lög í staðinn fyrir tilskipun 28. marz 1855, þá virðast þær að vera ónógar. Því þó það væri rètt, sem alþíngi hefir hermt um, að sú tilfinníng ríki hjá al-

þýðu, að sunnu- og helgidagar eigi að vera löghelgir fram til kvölds, og þess vegna kynni að vera ástæða til, að gjöra breytíngu á þessu einstaka atriði, (sem seinna mun nákvæmar verða um rætt), þá er það í augum uppi, að af þessu leiðir ekki, að breyta þurfi allri tilskipuninni.

Önnur aðalmótbára alþíngis gegn tilskipuninni er sú, að hún eigi gjöri mun á kaupstaðarlífi og sveitalífi, en þessi mótbára virðist eingan veginn vera á rökum byggð; því að vísu eru í tilskipuninni ýmsar ákvarðanir, sem að eins eiga við á verzlunarstöðum, einkum í Reykjavík, en alþíngi virðist eigi hafa gætt þess svo sem skyldi, að tilskipunin, eins og tilskipun fyrir Danmörk 26. marz 1845 eptir hlutarins eðli hlýtur að vera almennt lagaboð, sem ekki að eins er ætlað fyrir sveitabúa, heldur einnig og það einkum og sèr í lagi fyrir kaupstaðarbúa, og því er eingin ástæða til að sleppa slíkum ákvörðunum, af því þeim eigi verður beitt hvervetna á landinu, þegar þær samt sem áður eiga sumstaðar við og jafnvel eru þar nauðsynlegar. Á hinn bóginn hefir alþíngi eigi sannað, að í tilskipuninni sè ekki gefin nægur gaumur að löghelgi sunnu- og helgidaga uppi í sveitum. Að vísu er vikið á þetta í bænarskránni og eru nefndar óreglur, er við gángist í sveitum, sem alþíngi þykir órèttilega sleppt í tilskipuninni, svo sem óþarfar útreiðir og drykkjuslark á helgidögum; en þetta verður ekki til greina tekið, því þó bann móti slíkum ósiðum annars mætti þykja í sjálfu sèr vel tilfallið, og mögulegt væri að sjá um, að því væri hlýtt, sem reyndar getur verið mjög svo vafasamt, þá á það ekki við í helgidaga tilskipun.

Þó eingin ástæða hafi þótt vera til þess, eins og nú er sagt, að gjöra almenna endurskoðun og breytíngu á tilskipun 28. marz 1855, hefir það því næst verið yfirvegað, hvort ástæða væri til, eptir uppástúngu alþíngis, sem að ofan er tilgreind við bókstafinn „*b*", að breyta hinu sèrstaka atriði í ofangreindu lagaboði, sem þar ræðir um, þannig, að löghelgi sunnu- og helgidaga yrði látin ná yfir allan daginn, í stað þess, eins og nú er, að takmarka hana við miðaptan.

Hin eldri íslenzka helgidagatilskipun 29. maí 1744 virðist að vísu að byggja á þeirri reglu, að sunnu- og helgidagar væri haldnir heilagir allt til enda, en þeirri reglu, hafði eins og flestum öðrum ákvörðunum í tilskipun þessari, um lángan tíma eigi fylgt verið, svo að það almennt eigi þótti neitt helgidagsbrot, að hafa um hönd vinnu á helgidögum eptir miðaptan. Í

frumvarpi stjórnarinnar til tilskipunar 28. marz 1855, var löghelgin, samkvæmt tilskipun 26. marz 1845 fyrir konúngsríkið, látin ná eina stund fram yfir nón, en eins og áður er um getið, var ákvörðun þessari breytt eptir tillögum alþíngis, þannig að löghelgi dagsins skyldi ná fram að miðaptni, þar eð þetta takmark var samkvæmt lángvinnri venju í landinu og virtist þar að auki að styðjast við álit almenníngs. Á þínginu kom ekki fram nein uppástúnga um það, að löghelgistíminn yrði frekar leingdur; en hefði sú skoðun verið almenn hjá mönnum, að halda ætti allan sunnudaginn heilagan, mundi hún vafalaust hafa komið í ljós við þetta tækifæri. Eptir þessu virðist það því að vera nokkrum efa undir orpið, hvort skoðan manna yfir höfuð í raun og veru hafi síðan breytzt svo á Íslandi í þessu efni, að það nú sè almennt álit manna, að löghelgi sunnu- og helgidaga eigi að ná yfir allan daginn, þá yrði líka, ef svo væri ákveðið, settar strángari reglur en þær, sem fylgt var áður en tilsk. 28. marz 1855 varð að lögum; enda mundi það sýna sig í verkinu, að slík regla mundi valda margri óhægð og erfiðleikum, t. a. m. fyrir ferðamenn, sem eru á kaupstaðarferðum, og einkum fyrir þá, er eiga yfir sjó að sækja, þegar ferma skal eður afferma skip, og svo frv.; við þetta bætist, að allar almennar skemmtanir væri þá bannaðar á sunnudagskvöldin.

En svo mikið sem nú er varið í vankvæði þau, sem talin hafa verið, virtist þó ekki vera öldúngis bein ástæða fyrir stjórnina til þess, að setja sig á móti beiðni alþíngis í þessu atriði, þar eð það nú heyrist úr öllum áttum, að hin áður umgetna ákvörðun í tilskipun 28. marz 1855 hafi vakið almenna óánægju hjá alþýðu á Íslandi. Hefir því verið samið frumvarp það, sem hèr er á undan, og hefir hans hátign konúngurinn samþykkt það í því skyni, að það verði lagt fyrir alþíngi.

# II.

# Frumvarp

til

## Opins brèfs,

um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.

---

1. gr.

Stiptamtmaðurinn og biskupinn fá í laun 3,000 rd. hvor; þar að auki fær hinn fyr nefndi 400 rd. í borðfè. Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu og amtmaðurinn í vesturumdæminu fá í laun 2,000 rd. hvor á ári; þar að auki veitist þeim árleg launaviðbót, 200 rd., fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 2,800 rd.

Enn fremur fær biskupinn og amtmaðurinn í vesturumdæminu eins og að undanförnu 200 rd. á ári, í staðinn fyrir frían bústað og embættisjörð.

Landfógetinn fær í laun 1,000 rd.

2. gr.

Forsetinn í hinum íslenzka landsyfirrètti fær í laun 2,000 rd. á ári, og hinir dómararnir 1,000 rd. hvor; þar að auki fá þeir í launaviðbót 200 rd. árlega fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta ekki laun forsetans orðið hærri en 3,000 rd., og laun hinna dómaranna eigi hærri en 2,000 rd. á ári. Hinn fyrsti meðdómari heldur eptirleiðis þeim 250 rd. á ári, sem honum hafa að undanförnu verið veittir úr dómsmálasjóðnum; þar á móti skulu falla burtu þeir 50 rd., sem annar meðdómari hefir feingið úr sama sjóði.

3. gr.

Landlæknirinn fær í laun 1,000 rd. á ári, og hèraðslæknarnir 600 rd. hver; þar að auki fá þessir embættismenn 100 rd. í launaviðbót á ári, fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta

laun landlæknis eigi orðið hærri en 1,400 rd., og laun hèraðslækna eigi hærri en 1,000 rd. á ári.

Þar að auki fær landlæknirinn og hinir 3 hèraðslæknar þann hinn sama húsaleigustyrk, sem þeir hafa híngað til haft.

### 4. gr.

Forstöðumaður prestaskólans og skólastjórnarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík fá í laun 1,600 rd. hvor; þar að auki fá þeir í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 2,200 rd.; skólastjórnarinn fær þar að auki frían bústað í skólahúsinu, og forstöðumaður prestaskólans 150 rd. til húsaleigu, eins og híngað til.

Yfirkennarinn við hinn lærða skóla fær í laun 1,000 rd.; 200 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu; þó geta laun hans eigi orðið hærri en 1,600 rd. Yfirkennarinn, sem nú er, skal, meðan hann er í embættinu, halda þeim húsaleigustyrk, sem hann að undanförnu hefir haft, 150 rd. árlega. Þar á móti fá eptirmenn hans í embættinu eigi slíkan húsaleigustyrk.

Undirkennararnir við prestaskólann og hinn lærða skóla skulu hafa í laun 500 rd. á ári; 100 rd. viðbót veitist þeim fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 1,000 rd.

Fyrir þau störf, er einum af undirkennurunum við skólann verða á hendur falin, sem umsjónarmanni skólans, veitist 300 rd. borgun á ári.

Saungkennari skólans, sem einnig er organsleikari dómkirkjunnar, og hèr eptir skal skyldur að kenna prestaskólamönnum að tóna, fær í laun 300 rd.; 25 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 3 ár, sem hann gegnir þessari þjónustu; þó geta laun hans eigi orðið hærri en 400 rd.

Íþróttakennarinn fær í laun 200 rd.; þar að auki veitast honum 25 rd. fyrir hver 3 ár, sem hann gegnir þjónustunni, þó svo, að laun hans ekki verði hærri en 300 rd.

# Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Árið 1857 setti stjórn innanríkismálanna nefnd manna, er falið var á hendur að semja nýjar ákvarðanir um laun allra þeirra embættis- og sýslunarmanna, er föst laun fá úr sjóði konúngsríkisins. Eptir uppástúngum þeim, er nefnd þessi hafði gjört, voru árið 1858 samin 2 lagafrumvörp um laun nokkurra embættis- og sýslunarmanna, sem heyra undir dómsmálastjórnina og undir stjórn kirkju- og uppfræðslumálanna, m. m.; voru einnig í frumvörpum þessum ákvarðanir um laun þeirra embættismanna á Íslandi, er heyra undir áðurgreindar stjórnardeildir og fá laun sín úr ríkissjóði. Frumvörp þessi voru lögð fyrir þjóðþíngið, er seinast var haldið; en nefnd sú, er sett var í málinu, hefir í álitsskjali sínu farið því fram, að rèttast mundi, að öllum þeim ákvörðunum, sem snerta laun íslenzkra embættismanna, væri safnað í eitt, og þær teknar í sèrstaklegt lagaboð; og með því nefndinni einnig þótti laun þau, er stúngið var upp á, nokkuð há, og hún óttaðist að ef þau væri nú samþykkt, þá kynni það að koma í bága við það, hvernig þeim embættismönnum á Íslandi verður launað, sem ekki fá laun sín úr ríkissjóði, heldur beinlínis af landinu sjálfu, þá stakk hún upp á því, að laun áður greindra embættismanna, þau er ákveðin voru í frumvörpunum, yrði ekki samþykkt fyr en alþíngi hefði gefizt kostur á, að segja álit sitt um mál þetta.

Því verður heldur eigi neitað, að það væri hentugast, að út kæmi sèrstakleg lög um laun allra þeirra embættismanna á Íslandi, er föst laun hafa; en á hinn bóginn ber þess að geta, að þar sem nefndin hefir farið því fram, að lagafrumvarp þetta verði fyrst lagt fyrir alþíngi, þá heyrir meðferð slíks máls, er snertir fjárhagsefni, ekki undir verkasvið alþíngis, eptir tilskipun 8. marz 1843, 1. gr. Samt sem áður þótti það ekki hlýða, að færast undan því, að breyta í þetta skipti út af reglunni, og verða við áskorun nefndarinnar, og það því síður, sem alþíngi sjálft eigi virðist geta haft neitt á móti því, að leitað sè álits þess um mál þetta; hefir því dómsmálastjórnin, eptir samkomulagi við stjórn kirkju- og kennslumálanna, að því leyti snertir þá embættismenn á Íslandi, er undir hana lúta, látið semja lagafrumvarp það, sem hèr er á undan, í þeim tilgángi að það, eptir áskorun nefndarinnar, verði lagt fyrir alþíngi það, er nú fer í hönd.

Áður en vikið sè máli að hinum einstöku greinum frumvarps þessa, sem í aðalatriðunum er samkvæmt ákvörðunum þeim, sem voru í lagafrumvörpum þeim, er lögð voru fyrir ríkisþíngið, og teknar voru eptir uppástúngum nefndar þeirrar, er sett var til að semja ákvarðanir um laun embættismanna, skal hèr skýrt frá nokkrum almennum athugasemdum, er nefndin hefir gjört í þessu efni, til frekari upplýsíngar um þær grundvallarreglur, sem frumvarp það, er hèr er á undan, er byggt á.

Nefndin hefir þannig getið þess, að það gæti verið athugavert, hvort dýrtíð sú, er sannað þótti að á seinni árum hefði farið vaxandi í konúngsríkinu, hefði haft sömu áhrif á ástand embættismanna á Íslandi. Reyndar þótti nefndinni þetta í stöku greinum fremur en ekki vafasamt; en á hinn bóginn hèlt hún þó, að einginn efi gæti verið um þetta efni í mörgum öðrum, og það enda í flestum greinum, þar eð sjálfsagt yrði að borga allar vörur, er sendar væri frá Danmörku, miklu hærra verði en fyrri; var það og tekið fram um hinar íslenzku vörutegundir, að miklar breytíngar hefði orðið á Íslandi við hina frjálsu verzlun, er hefði ollað því, að verð á mörgum þeim vörum, sem taldar eru með almennum lífsnauðsynjum, hefði orðir hærra en nokkurn tíma áður, og hefði afleiðíngarnar af þessu einkum komið fram á þeim, er lifa ætti af föstum árlegum launum. Þó nefndin þess vegna áliti, að embættismenn á Íslandi einnig ætti fulla heimtíngu á því, að embættistekjur þeirra yrði hækkaðar, þótti henni samt sem áður ekki hlýða, að jafna saman að öllu leyti hinum ýmislegu flokkum af embættismönnum á Íslandi við þá embættismenn í konúngsríkinu, er standa í líkri stöðu, og ákveða laun hvorutveggja á sama hátt; var það í því efni tekið fram, að laun ýmsra flokka af embættismönnum á Íslandi hefði ætíð verið töluvert lægri, en laun þeirra embættismanna í konúngsríkinu, er standa þeim jafnfætis; en ef þeir yrði nú gjörðir jafnir, þá mundi bæði launahækkunin allt í einu verða of stórkostleg, og svo mundi verða fjarska lítill jöfnuður milli tekja þeirra, er í ríkissjóðinn renna frá þeim hluta ríkisins, er hèr ræðir um, og þess kostnaðar, er af stjórn hans leiddi. Nefndin lèt sèr því lynda, að stínga upp á því, að laun þau, sem nú eru veitt, yrði hækkuð eptir tiltölu, og að svo miklu leyti unnt væri samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem annars hefði verið álitið rètt að reyna að koma fram, eptir því, hve áríðandi hvert embætti fyrir sig þætti vera.

Eptir að þannig er búið að gjöra þessar almennu athugasemdir

um málið, skal nú rætt um hinar einstöku greinir í frumvarpi því, sem hèr er að framan.

Við 1. gr.

Grein þessi er, hvað launin snertir, samkvæm frumvarpi því, er lagt var fyrir ríkisþíngið. Stiptamtmaður og biskup hafa híngað til feingið í laun 2,400 rd.; nefndin hefir um stiptamtmanninn meðal annars getið þess, að hann sè æðsta yfirvald landsins og fulltrúi stjórnarinnar, staða hans sè mjög þýðíngarmikil, einkum vegna fjarlægðar landsins, er gjöri það opt óumflýjanlegt, að hann verði að gjöra margt upp á eigið umdæmi, fremur en aðrir embættismenn, og virtist það því vera nauðsynlegt, að honum væri gjört það fært, að lifa samkvæmt tign embættis síns. Nefndin stakk þess vegna upp á því, að laun hans yrði hækkuð til 3,000 rd., svo sem til er greint í frumvarpinu, og að hann þar að auki fái 400 rd. í borðfè. Um laun biskups er þess að geta, að nefndinni hefir þótt það eiga vel við, að jöfnuður sá, er híngað til hefir verið millum þeirra og launa stiptamtmanns, einnig haldist eptirleiðis.

Laun hinna tveggja amtmannanna eru í frumvarpi því, sem hèr er á undan, eins og í frumvarpi því, er fyrir ríkisþíngið var lagt, hækkuð frá 1,700 rd. til 2,000 rd., og geta með tímanum orðið allt að 2,800 rd.; þótti slík launahækkun nauðsynleg, einkum vegna þess, að embætti þessi eru mjög áríðandi, og embættismenn flytjast sjaldan frá þeim til annara betri embætta.

Í staðinn fyrir íbúðarhús og embættisjörð er biskupinum á Íslandi og amtmanninum í vesturumdæminu, auk launa, veittir 200 rd. á ári. Að vísu er þess ekki getið í frumvarpi því, er lagt var fyrir ríkisþíngið, hvort embættismenn þeir, er hèr ræðir um, ætti að halda þessum peníngum, en einginn efi er þó á því, að til þess hefir verið ætlazt, þar eð þeir eru yfir höfuð hver um sig látnir hafa sömu kjör og stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu, er báðir hafa frían bústað og íbúðarhús; þótti því rèttast, að hafa um þetta ákvörðun í frumvarpinu.

Bæði sökum þess, hve áríðandi landfógetaembættið er, þar sem landfógetinn er aðalfèhirðir við hinn sèrstaklega sjóð Íslands, og svo vegna ábyrgðar þeirrar, sem samfara er embætti þessu, er stúngið upp á því, að laun þau, er híngað til hafa fylgt embættinu, 600 rd., verði hækkuð til 1,000 rd.

Ástæðan til þess, að ekki er stúngið upp á, að hækkuð verði

hin föstu árlegu laun, 300 rd., er lögð eru til bæjarfógetaembættisins í Reykjavík, sem sameinað er landfógetaembættinu, er sú, að embætti þessu fylgja einnig óvissar tekjur á ári hverju.

Við 2. gr.

Auk þeirra 950 rd., er fyrsti og annar dómari í yfirrèttinum híngað til hafa feingið í laun, hafa embættismenn þessir enn fremur feingið í laun, hinn fyrstnefndi 250 rd., en hinn 50 rd., úr dómsmálasjóði Íslands. Þar eð þeir 250 rd., sem fyrsta dómara hafa veittir verið, eru endurgjald fyrir störf, sem ekki fylgja með embættinu, en það eru útleggíngar á rèttargjörníngum í sakamálum og gjafsóknarmálum, þeim er áfríað er til hæstarèttar, virðist endurgjald þetta eptirleiðis eiga að haldast. Þegar breytt verður launum ýngsta dómara, virðist þar á móti vera ástæða til að taka af þá 50 rd., sem honum hafa verið lagðir úr dómsmálasjóðnum, þar eð það eigi er augnamið þessa sjóðs að greiða slík laun; svo var og fè þetta á sínum tíma að eins veitt í viðlögum, af því launin voru ónóg. Alþíngi hefir einnig áður verið á því, að af taka ætti laun þau, er dómendurnir í yfirrèttinum fá úr dómsmálasjóðnum, og þar við bætist, að sjóður þessi nú greiðir laun til málaflutníngsmanna við yfirrèttinn, og að það er vafasamt, hvort tekjur hans hrökkva til að bera öll þessi útgjöld.

Forsetinn í yfirrèttinum hefir að undanförnu haft í laun 1,600 rd. Að öðru leyti er þessi grein öldúngis samhljóða þeirri grein í frumvarpi því, er lagt var fyrir ríkisþíngið, er að sama efni lýtur; og skal þess enn fremur getið, að laun þessi, þegar þau eru ákveðin á þann hátt, er nú hefir verið stúngið upp á, virðist að vera í hæfilegu hlutfalli við laun annara verzlegra embættismanna á Íslandi.

Við 3. gr.

Læknum á Íslandi er nú sem stendur þannig launað, að landlæknirinn fær í laun 900 rd., og 150 rd. fyrir húsaleigu; af 7 hèraðslæknum, sem eru á Íslandi, fá 3 í laun 600 rd. hver, en hinir 4 fá 500 rd. hver; nokkrir af læknum þessum hafa þar að auki fría bújörð, og nokkrir lítilfjörlegan húsaleigustyrk. Nefndin hefir viðvíkjandi læknunum getið þess, að á Íslandi, þar sem strjálbyggt er og menn efnalitlir, sè að tiltölu miklu minna tækifæri fyrir þessa embættismenn til að fá nokkrar aukatekjur fyrir lækníngar, en í Danmörku; svo gjöri og víðátta hèraðanna og aðrir landshagir mikla

erfiðleika; muni því þau laun, sem nú eru veitt, varla vera nægileg til þess, að búist verði við, að menn, er hæfir sè til embættanna, sæki um þau. Nefndinni virtist það því vera nauðsynlegt, að hækkuð yrði laun þessara embættismanna, og helzt á þá leið, að þeim yrði veitt launaviðbót, eptir því, hvað leingi þeir eru í embættunum, eins og ákveðið er um lækna í konúngsríkinu, en að viðbót þessi yrði veitt með að eins 3 ára millibili sökum þess, að embætti þessi eru erfiðari. Að öðru leyti er hèr bætt við ákvörðun um það, að landlæknirinn og 3 hèraðslæknar skuli framvegis halda þeim húsaleigustyrk, sem þeir híngað til hafa haft, þó ekki stæði neitt um það í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþíngið.

Við 4. gr.

Um kennarana við prestaskólann og við hinn lærða skóla gat nefndin þess, að laun þeirra hefði fyrrum verið hèr um bil eins og þau, er ákveðin voru fyrir hina sömu embættismenn í konúngsríkinu, þángað til laun hinna síðarnefndu embættismanna voru hækkuð með lögum 28. marz 1855, en þessi hækkun kom eigi kennurunum á Íslandi að notum. En þar eð á báðum stöðunum útheimtist hinn sami vísindalegi undirbúníngur til að geta feingið þessi embætti, eins og líka störfin mega álítast að vera hin sömu, hèlt nefndin, að næg ástæða væri til að launa eptirleiðis kennurunum við báðar vísindastofnanirnar á Íslandi með sömu launum og þeim, sem í ofangreindum lögum eru ákveðin.

Laun þau, sem ákveðin eru í þessari grein, eru einnig, að því leyti snertir áður greinda embættismenn, samkvæm uppástúngum nefndarinnar; en á hinn bóginn þótti það rèttara að forminu til, að taka fram beinlínis efnið í lögum 28. marz 1855, að svo miklu leyti sem það getur átt við Ísland, en að gjöra lög þessi gildandi eins og þau eru, sem til var ætlazt eptir frumvarpi því, er lagt var fyrir ríkisþíngið.

Eins og skólaforstjóranum er samkvæmt 1. gr. í lögum þeim, er nú voru nefnd, veittur frí bústaður í skólahúsinu, eins virðist forstöðumaður prestaskólans, þar sem svo líkt stendur á, eptirleiðis eiga að halda þeim 150 rd., sem honum eru nú veittir fyrir húsaleigu. Sömuleiðis hefir þótt ástæða til að láta hinn nú verandi yfirkennara, Björn Gunnlaugsson, sem er mjög gamall embættismaður og að öðru leyti maður, er til mikils góðs hefir unnið, halda, meðan hann er í embættinu, þeim 150 rd., sem honum nú eru veittir fyrir húsaleigu;

þar á móti á styrkur þessi að falla niður, þegar embættið losnar. Annars er það sjálfsagt, að þegar grundvallarreglurnar í lögum 28. marz 1855 komast á á Íslandi, verður ekki umtalsmál framvegis að veita undirkennurum við skólann neinn húsaleigustyrk.

Viðvíkjandi þeim 300 rd., sem ákveðnir eru í grein þessari sem borgun fyrir störf umsjónarmanns við skólann, skal þess getið, að þetta er ný grein, þar eð kennarar skólans að undanförnu hafa til skiptis án nokkurrar sèrstakrar borgunar haft umsjón yfir lærisveinunum í skólanum utan kennslutímanna. Í bænarskrá, stýlaðri til stjórnarherra kirkju- og kennslumálefnanna, er skólameistari og stiptsyfirvöldin höfðu sagt álit sitt um, hafa kennararnir farið þess á leit, að þeir yrði losaðir við slíka umsjón með skólasveinum, þar eð hún bæði væri mjög erfið fyrir þá, og virtist heldur eigi vera embættisskylda þeirra; en á hinn bóginn hafa þeir lýst því yfir, að þeir væri ekki ófúsir á að halda áfram umsjóninni, ef þeir feingi borgun fyrir, að minnsta kosti 600 rd. á ári. Það virðist nú ekki að vera sem haganlegast, að láta yfirkennarann og undirkennarana hafa á hendi umsjón þá við skólann, er hèr ræðir um, gegn sèrstaklegri borgun; aptur er á hinn bóginn umsjón nauðsynleg, þar sem mestur hluti skólasveina eru að staðaldri í skólahúsinu, og með því það er ekki sanngjarnt, að gjöra skólameistaranum einum að skyldu, að hafa slíka umsjón á hendi, virðist vera rèttast, að fela einum af undirkennurunum á hendur einnig að vera umsjónarmaður við skólann, á líkan hátt og á sèr stað við Sóreyjar skóla; mætti þá einnig gjöra honum að skyldu, að hafa á hendi öll búsýslustörf skólans, t. a. m. að kaupa eldivið, húsbúnað og annað þess konar, svo og að hafa eptirlit með brúkun og geymslu þessara hluta, og gæta bókasafns skólans, þar eð fyrirkomulag það, sem nú á sèr stað um þessa hluti, má álítast óhagfellt, er störfum þessum er skipt millum skólastjórnarinnar, skólameistarans og dyravarðar skólans. Það endurgjald, sem fyrir öll þessi störf ætti að veita hlutaðeigandi kennara, sem ekki, eins og ástatt er í Sórey, hefir frían bústað, virðist ekki geta verið minna en 300 rd.; mætti einnig ef til vill, skylda hann til, að minnsta kosti þá er embættið losnar, að taka að sèr reiknínga skólans, sem nú eru faldir á hendur fyrsta kennara við prestaskólann gegn árlegu endurgjaldi, 100 rd.

Forstöðumaður skólans og skólastjórnin hafa stúngið upp á, að saungkennarinn við skólann, sem einnig er organsleikari dómkirkjunnar í Reykjavík, feingi 100 ríkisdala viðbót við laun þau, er hann

nú hefir, sem eru 150 rd., eður alls 250 rd. En þar eð það virðist æskilegt, að prestaefni þau, er gánga á prestaskólann, geti feingið tilsögn í að tóna, þótti vel eiga við, að fela honum það á hendur ásamt störfum þeim, er hann gegnir við skólann, og virtist þá vera ástæða til að hækka laun hans á þann hátt, að hann byrji með 300 rd., en fái fyrir hver 3 ár, sem hann gegnir stöðu þessari, 25 ríkisdala viðbót, þó svo að launin verði ekki hærri en 400 rd.

Það hefir þótt tilhlýðilegt, að íþróttakennarinn, sem nú hefir í laun 200 rd., fái 26 ríkisdala viðbót fyrir hver 3 ár, sem hann hefir stöðu þessa á hendi, þángað til að launin eru komin upp í 300 rd. Þar á móti virðist eigi vera næg ástæða til að hækka laun dyravarðar, sem nú eru 200 rd., er hann nú verður laus við alla búsýslu við skólann.

Enn skal þess getið, að ekki getur verið umtalsmál að kennarar Reykjavíkurskóla fái neinar tekjur af kennslukaupi lærisveina, þar eð slíkt kennslukaup ekki er goldið við skóla þenna; svo eiga eigi heldur heima í frumvarpi þessu ákvarðanir þær, sem finnast í 5. gr. í lögum 28. marz 1855, þar eð allir kennararnir fá eptir frumvarpinu hærri laun, en þeir hafa áður haft.

Að endíngu skal þess getið, að jafnvel þó ríkissjóðurinn skjóti árlega 235 rd. til launa sýslumannsins í Gullbríngusýslu, og 300 rd. til launa sýslumannsins í Vestmannaeyjum, og þó það reyndar væri æskilegt, að þessir embættismenn gæti feingið nokkra bót á hinum litlu embættistekjum sínum, virtist eigi vera næg ástæða til á þessum stað að gjöra uppástúngur í því efni, þar eð laun þeirra að mestu eru fólgin í óvissum tekjum.

Ekki er heldur í frumvarpinu nein ákvörðun um hærri laun handa lögregluþjónum og yfirsetukonum í Reykjavík, þar eð hvortveggi að mestu leyti mega álítast að standa í þjónustu bæjarfèlagsins, jafnvel þó nokkuð af launum þeirra sè greitt úr almennum sjóði. Yfirsetukonurnar mega þar að auki álítast að hafa mest laun sín af óvissum tekjum. Þar eð dómkirkjupresturinn í Reykjavík hefir ekki laun sín úr ríkissjóðnum, þó honum sè veittur þaðan húsaleigustyrkur, virðast heldur ekki þessi lög að geta heimfærst upp á hann.

# III.

## Frumvarp

til

tilskipunar

um löggildíngu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

1. gr.

Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi . . . dag . . . . mánaðar 18 . . . . .

2. gr.

Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almenníngs þarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi; einnig skal upp frá þeim degi, sem að ofan er nefndur, heimta og greiða allar tíundir af jörðum á Íslandi eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók. Þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu, þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, rèttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleika jarðanna, á meðan þeir eru í því sama kalli, svo framt jarðartíundin er á þann hátt rýfari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók.

3. gr.

Enn fremur skal farið eptir hinni nýju jarðabók þá er á kveða skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti sem það er sumstaðar venja, að leggja saman, þegar svo stendur á, fasteign og lausafè til þess að reikna út skattinn.

Þar á móti skal þeim hluta alþíngiskostnaðarins, sem lagður er á jarðirnar, jafna niður á sama hátt og að undanförnu, þángað til öðruvísi verður ákveðið.

4. gr.

Þegar 20 ár eru liðin frá því, að hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, skal það tekið til yfirvegunar, hvort ástæða sè til að leggja hana undir almenna endurskoðun.

---

# Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Þegar jarðamatsmálið síðast var rætt á alþíngi, árið 1857, var mestur ágreiníngur um það atriði, sem einnig var mest um rætt, hvaða mælikvarða leggja ætti til grundvallar þegar reikna skyldi út hundraðatölu alls landsins. Reyndar játaði þíngið, að það lægi beinast við, að hafa við sama deili yfir allt land, á þann hátt, að deila skyldi allri virðíngarupphæð jarðanna, sem eptir frumvarpi jarðamatsnefndarinnar er 2,556,489$^{1}/_{10}$ rdl,, með hundraðafjölda alls landsins 86,988$^{9}/_{10}$; það sem þá kæmi í hlut, eður 29$^{4}/_{10}$ rd., yrði þá verð eins hundraðs um land allt.

En á hinn bóginn benti alþíngi á, að með þessu móti yrði töluverður munur á hinni gömlu og nýju hundraðatölu hvers amts fyrir sig, er hundraðatalan í suðurumdæminu og í norður- og austurumdæminu yxi um 1172 hundr. og 766 hundr., en þar á móti minnkaði hún í vesturumdæminu um 1938 hundr.; en þínginu þótti lítil líkindi til þess, að hinir stærri hlutir landsins, t. a. m. ömtin, hafi verið með verulega mismunandi dýrleika í samanburði hvert við annað, og allrasízt að vesturamtið hafi haft að tiltölu hærri hundraðatölu, heldur en hin ömtin, þar sem það þvert á móti hafi verið almennt viðurkennt, að hin miklu jarðagóss biskupsstólanna fyrir norðan og sunnan, einkum þau er næst lágu sjálfum stólunum í Skagafjarðarsýslu og Árnessýslu, hafi verið með töluvert hærri hundraðatölu, heldur en aðrar jafngóðar jarðeignir; ekki sè heldur líkindi nè sannanir fyrir því, að jarðeignir í norður- og austur- og suðurumdæminu hafi yfir höfuð að tala farið svo stórum batnandi síðan jarðir voru metnar 1702, en aptur jarðeignir í vesturumdæminu svo stórum rýrnað, sem ójöfnurnar, er leiddi af aðalmælikvarðanum bentu til, einkum þegar þess er gætt, að ýms hin stærri hèruð í suðurumdæminu hafa legið undir áföllum af náttúrunnar völdum, og að í vesturumdæminu eru að tiltölu miklu fleiri sjóar- og hlunnindajarðir, með dúntekju, sel-

veiði, og fl., sem við breytíngu þá, er orðið hefir á atvinnuvegum og við verzlunarfrelsið, hafi hækkað í verði.

Þótti þínginu af þessum ástæðum ísjárvert að hafa við einn mælikvarða yfir allt land, en áleit tiltækilegra, að ákveða mælikvarða eptir ömtum, og kaus því 3 deila í staðinn fyrir 1, og skipti þannig í hverju amti fyrir sig matsverði amtsins með hundraðatölu þess; varð þá hundraðasvirði:

| | | |
|---|---|---|
| í suðurumdæminu | . . . . . . . | 30.60 rd. |
| í vesturumdæminu | . . . . . . . | 26.86 — |
| í norður- og austurumdæminu | . . . | 29.98 — |

eður með einfaldari tölum 30.5, 26.5 og 29.5 rd.

Samt sem áður hófust á alþíngi kröptugleg mótmæli mót þeirri aðferð, að hafa við sinn mælikvarða í hverju af 3 umdæmum landsins, til þess að ákveða dýrleika eður hundraðatölu sèrhverrar jarðeignar; var og konúngsfulltrúinn, amtmaður Melsteð, öldúngis á móti henni. Það var í því efni til fært, að það hefði verið tilgángur jarðamats þess, er fram fór á Íslandi 1849 og 1850, og eins endurskoðana þeirra, er gjörðar hafa verið við mat þetta optar en einu sinni, að finna hið sanna peníngaverð hverrar jarðar fyrir sig, og að þar af virðist beinlínis og óumflýjanlega að leiða, að hafa verði við einn og sama mælikvarða til þess, að finna dýrleika hverrar jarðar fyrir sig; en með því að stínga upp á sínum mælikvarða fyrir hvert amt, hafi alþíngi ónýtt allan undirbúníng málsins, og í einu vetfángi búið til nýtt mat á öllum jarðeignum í hverju amti fyrir sig; því að hafa við miklu lægri mælikvarða, þegar setja skal dýrleika á jarðirnar í einu umdæminu (vesturumdæmi) en í hinum umdæmunum, væri í raun og veru hið sama, sem að hækka matsverð jarðeigna í þessu umdæmi um svo marga af hundraði, sem mælikvarðinn þar er lægri; en aptur yrði matsverðið lækkað í hinum umdæmunum í sama hlutfalli og mælikvarðinn þar yrði hækkaður.

Þar eð alþíngi hefir ekki sannað eður reynt að sanna, að jarðeignir í vesturumdæminu hafi verið metnar lægra, í samanburði við gæði þeirra, en í hinum ömtunum, virðist breytíngin vera gjörð eingúngis til þess, að komast sem næst hinni fornu hundraðatölu í amtinu, og er það þó með öllu ósannað, að þessi forna hundraðatala hafi staðið í sama hlutfalli til hinna sönnu gæða jarðanna í vesturamtinu og í hinum ömtunum.

Stjórninni hlutu að þykja ástæður þessar svo mikils verðar, að óráðlegt virtist að fallast á uppástúngu alþíngis um að leggja 3 deilira

til grundvallar, þegar ákveða skal dýrleika hverrar jarðar fyrir sig. Aðal ástæða sú, er uppástúngan er byggð á, nefnilega, að ólíklegt sè, að ömtin hafi verið með verulega mismunandi dýrleika í samanburði hvert við annað, eður að vesturumdæmið hafi haft hærri hundraðatölu að tiltölu, heldur en hin ömtin, virðist að vera því þýðíngarminni, sem það er almennt viðurkennt, að hið forna jarðamat, eptir því sem tímar hafa liðið, nú sè orðið öldúngis óáreiðanlegt og ójafnt. Tilgángurinn með hið nýja jarðamat var nú einmitt sá, að taka af ójöfnur þessar, en þetta getur ekki orðið, ef hin nýja jarðavirðíng er af handahófi lögnð til eptir hinum úrelta óáreiðanlega jarðadýrleika. Þar að auki virðast vera eigi alllítil líkindi, er liggja í eðli hlutarins, fyrir því, að sú niðurstaða sè í sjálfri srè sönn, sem hið nýja jarðamat leiðir að, nefnilega, að hundraðatalan lækkar í vesturumdæminu, en hækkar í hinum umdæmunum; því því mun varla verða neitað, að jarðeignir og landbúnaður hefir tekið bótum í þessum 2 umdæmum, og þó, ef til vill, mest í norðurumdæminu; en þar á móti er svo langt frá því að þetta eigi sèr stað í vesturumdæminu, að það virðist að minnsta kosti hafa staðið í stað, ef því hefir ekki aptur farið; stendur og umdæmi þetta í velmegun á baki hinna.

Þar eð nú þannig ekki verður hjá því komist, að breyta út af uppástúngum alþíngis í því mikilvæga atriði, sem hèr ræðir um, og hafa við einn deili yfir land allt, hefir hundraðatala sèrhverrar jarðar verið reiknuð út eptir þessum mælikvarða, og bæði af þessari ástæðu og svo vegna þess að eigi má heita, að jarðabókar frumvarpið sè full gjört fyrri en útreikníngnum er lokið, hefir verið feingið samþykki hans hátignar konúngsins til þess, að þetta frumvarp verði lagt fyrir alþíngi það, er nú fer í hönd, svo að þínginu gefist færi á að taka bæði útreiknínginn og frumvarpið yfir höfuð að tala til yfirvegunar.

Enn fremur skal að eins geta þess, að tillögum alþíngis hefir verið fylgt viðvíkjandi Akureyjum í Dalasýslu, Víðidalstúngu í Húnavatnssýslu og Leiðarhöfn í Norður-Múlasýslu. Að því leyti hundraðatalan eptir þeim reiknígi, sem nú hefir gjörður verið, að eins er 86755.1 hundr. á öllu landinu, en 86988.9 hundr. eptir sama mælikvarða, eptir því sem alþíngi skýrir frá, þá kemur þetta til af því, að þegar reiknaður hefir verið dýrleiki hverrar jarðar fyrir sig, hefir, eins og alþíngi stakk upp á, verið sleppt þeim brotum, er eigi ná fullum tíundu pörtum.

Enn fremur verður lagt fyrir alþíngi frumvarp, það sem hèr er

að framan, til tilskipunar um löggildíng jarðabókarinnar á Íslandi, er hans hátign konúngurinn hefir samþykkt; og skal nú um sèrstakar greinir frumvarpsins gjöra nokkrar athugasemdir:

Við 1. gr.

Eptir uppástúngu alþíngis átti hin nýja jarðabók að öðlast lagagildi frá fardögum 1859, þannig að allar tíundir af jarðeignum yrði í fyrsta sinni í fardögum 1860 heimtar og goldnar eptir hinum nýja jarðadýrleika. En eptir því, sem áður hefir greint verið, getur þetta nú ekki komizt á, og hefir því þótt rèttast að láta í frumvarpinu vera eyðu fyrir árstalið, og bíða eptir uppástúngu þíngsins um það efni.

Við 2. gr.

Nú sem stendur hvíla eigi á jarðeignum á Íslandi önnur gjöld til hins opinbera en jarðartíund, nema hvað jarðeignir einstöku sinnum eru taldar með til skatts, þó á þann hátt, að litlu munar (sbr. 3. gr.), — og gjöld til lúkníngar alþíngiskostnaði.

Þar eð það er tilgángur hinnar nýju jarðabókar, að finna jafnari stofn bæði fyrir skatta þá og gjöld, sem á ókomnum tíma verða ákveðin, og fyrir greiðslu jarðartíundarinnar, en þann sem nú er eptir jarðabók þeirri, er nú gildir, hefir þótt rèttast að taka þetta fram í grein þeirri, er hèr ræðir um, og er hún yfir höfuð að tala samhljóða uppástúngum alþíngis um þetta efni.

Á þínginu lètu reyndar sumir í ljósi það álit sitt, að jarðartíundin ætti, að minnsta kosti fyrst um sinn, þángað til ef ný skattgjaldslög gjörðu þar á breytíngu, að hvíla á hverri jörð fyrir sig sem óbreytanlegt afgjald, eins og henni híngað til hefir verið svarað eptir jarðabók þeirri, er til þessa hefir verið fylgt, en alþíngi þótti samt vera yfirgnæfandi ástæður til, að allar fasteignartíundir yrði goldnar eptir hinni nýju jarðabók, frá þeim tíma að hún hefir öðlast lagagildi; var það í því efni einkum tekið fram, að hinn forni dýrleiki jarðanna, sakir þess, hvað hann var orðinn ójafn gjaldstofn, hafi einmitt verið hin helzta og verulegasta undirrót og orsök til hins nýja jarðamats. Við þessa ástæðu má bæta því, að með því að láta heimta jarðartíundina eptir hinni nýju jarðabók, fæst föst og áreiðanleg regla fyrir heimtíngu tíundarinnar, þar sem hinn forni jarðadýrleiki, eptir því sem tímarnir hafa liðið, með mörgu móti er orðinn óáreiðanlegur stofn fyrir tíundarheimtuna, þar eð dýrleiki margra jarða hefir verið færður niður, sumpart eptir sèrstaklegum

úrskurðum og sumpart eptir gamalli venju, sem hefir komizt á án nokkurrar eiginlegrar lagaheimildar; hefir þetta ollað því, að opt hefir orðið ágreiníngur millum tíundartakanda og gjaldanda um það, hvernig og af hve mörgum jarðarhundruðum tíundinni beri að svara. Þar við bætist einnig, að þetta yrði í rauninni þau einu notin, er nú sem stendur yrði að hinni nýju jarðabók, og að það mjög mundi veikja traust manna á henni, ef að stjórnin, eptir að búið væri að löggilda jarðabókina og alþíngi búið að biðja um að henni yrði fylgt, spornaði móti því, að hún væri við höfð í því augnamiði, er nú hefir verið um rætt.

Því verður reyndar eigi neitað, að einstöku kirkjur og bændakirkjueigendur, og einstöku prestar, geta misst nokkurs í við það, að tíundin verður heimt eptir hinum nýja jarðadýrleika; en hvorki hefir alþíngi álitið, að þessi ákvörðun geti ollað kirkjum eður bændakirkjueigendum nokkurs tilfinnanlegs skaða, nè heldur eigi þetta atriði, að því leyti snertir prestana, að vera því til tálmunar að jarðartíundin verði eptirleiðis heimt með meira rèttlæti og jöfnuði eptir hinum nýja jarðadýrleika, ef að eins prestum þeim, sem eru í kallinu á þeim tíma, er hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, er áskilin rèttur til að taka tíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleik jarðanna á meðan þeir eru í því sama kalli, svo framarlega sem tíundin er á þann hátt rýfari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók. En hvað snertir kóngstíund og fátækra tíund, er ákvörðun þessi alls eingum vankvæðum bundin, og þar eð eigi eru til á Íslandi neinir samníngar manna á milli um greiðslu tíundarinnar, eru einstakir menn að öðru leyti óviðriðnir mál þetta.

Það liggur í augum uppi, að hið nýja jarðamat eingu getur breytt um tíundarskyldu jarðanna á Íslandi, og að tíundin því framvegis, þángað til öðruvísi verður á kveðið, að eins getur orðið heimt af þeim jörðum, sem nú sem stendur eru tíundarbærar. Þetta liggur svo í hlutarins eðli, að ekki þótti þörf á að taka það með berum orðum fram í þessari grein frumvarpsins.

Við 3. gr.

Í Gullbríngu og Kjósar sýslum er það venja, þegar lausafjártíundin eigi er nóg til þess að sá, er fram telur, komist í skatt, en hann þar að auki er jarðeigandi, að leggja saman lausafè og fasteignina, og reikna síðan skattinn eptir því; smbr. rentukammerbrèf 30. sept. 1823. Áþekkri reglu mun einnig vera fylgt sumstaðar annar-

staðar á Íslandi; að minnsta kosti hefir svo verið að undanförnu, t. a. m. í Þíngeyjarsýslu. Þó nú hlutdeild sú í raun og veru sè lítil, sem jarðeignir þannig einstöku sinnum eiga í greiðslu skattsins, þótti rèttast að hin nýja jarðabók eptirleiðis sè lögð til grundvallar eins við þetta gjald, eins og þegar tíundin er reiknuð út.

Viðvíkjandi greiðslu alþíngiskostnaðarins, þá er að vísu svo ákveðið í opnu brèfi 18. júlí 1848, að $^{3}/_{4}$ af kostnaði þessum skuli, þángað til öðruvísi verður ákveðið, jafnað niður á jarðeignirnar eptir afgjöldum jarðanna, þeim er landsdrottinn fær; og var ákvörðun þessi reyndar mest byggð á því, að ekki þótti ráðlegt, vegna þess, hvað jarðadýrleikinn var óáreiðanlegur og misjafn, að leggja þessa nýju álögu á jarðeignirnar eptir núverandi hundraðatölu þeirra. Mætti því nú svo virðast, að þegar ástæða þessi hverfur við löggildíng hinnar nýju jarðabókar, þá væri rèttast að leggja gjald þetta eptirleiðis beinlínis á jarðahundruðin. En þar eð eingin bænarskrá um þetta efni hefir komið frá þínginu, hefir stjórninni ekki þótt næg ástæða fyrir sig til þess að koma fram nú sem stendur með uppástúngu um breytíngu á hinum sèrstaklegu ákvörðunum, sem settar hafa verið um borgun þessa kostnaðar; en til þess að taka af öll tvímæli í því efni, er þetta tekið fram með berum orðum í enda greinarinnar.

### Við 4. gr.

Alþíngi hefir stúngið upp á því, að hin nýja jarðabók verði lögð undir algjörlega endurskoðun og leiðrèttíngu þegar 20 ár eru liðin frá því, að hún nær lagagildi, og að alþíngi verði falið að ákveða nákvæmari ráðstafanir þar að lútandi.

En þar eð það liggur í hlutarins eðli, að það hlýtur að vera stjórnin, er gjörist frumkvöðull til ráðstöfunar þeirrar, er hèr ræðir um, þá virðist eigi að vera ástæða til að taka seinni hluta uppástúngunnar til greina, og það þótti heldur ekki eiga vel við að taka í lögin skýlausa ákvörðun um það, að endurskoða skuli jarðabókina að 20 árum liðnum, þar eð þetta hlýtur að verða undir því komið, hvort þá virðist vera þörf eða ástæða til þess; og hefir því ákvörðun þessi verið orðuð svo, að þetta atriði skal á þeim tíma tekið til íhugunar.

---

# IV.

# Frumvarp

til

opins brèfs

um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.

---

1. gr.

Á öll tómthús í umdæmi Reykjavíkur bæjar ásamt hjöllum eða öðrum útihúsum, er þeim fylgja, skal á ári hverju jafna niður hússtæðisskatti eptir sama mælikvarða, og híngað til hefir verið fylgt viðvíkjandi lóðargjaldi af kaupstaðarhúsum samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, 19. gr., og einkum á þá leið, að á hverja ferhyrnda alin af stærð tèðra húsa leggist sama gjald og það, sem á því ári verður jafnað á hverja ferhyrnda alin af sjálfum kaupstaðarhúsunum.

2. gr.

Á allar óbyggðar lóðir í umdæmi Reykjavíkur bæjar, hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, tún, eða hverju nafni sem heitir, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal hvert ár jafna lóðarskatti eptir flatamáli, er sè að upphæð $^1/_6$ af gjaldi því, sem ræðir um í 1. gr., þó skal að því, er snertir lóðir þær, er liggja fyrir utan sjálfa kaupstaðarlóðina, sem kölluð er, er ákveðin var með mælíngargjörð 22. og 23. maí 1792, gjald þetta að eins greiða af allt að 1000 ferhyrndum álnum, en af því, sem lóðin er stærri en þetta flatarmál, skal ekkert gjalda.

3. gr.

Gjöld þessi, er renna í Reykjavíkur bæjarsjóð, eiga að koma upp í þann hluta af útgjöldum bæjarins, sem jafna á niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, 19. gr. Að öðru leyti skal um það, að gjöld þessi sè rituð á hina árlegu niðurjöfnunarskrá, um það hve nær þau skuli greidd og hvern-

ig þan verði heimt, fara eptir ákvörðunum þeim, sem nú gilda um bæjargjöldin yfir höfuð.

4. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi þann 1. jan. 18 .

---

# Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Í frumvarpi til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík er lagt var fyrir alþíngi 1853, var það meðal annars ákveðið, að kostnaði þeim, er þyrfti til stofnunar og viðhalds skólans, skyldi jafna niður á bæjarmenn samkvæmt reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík 27. nóvember 1846, 19. gr., eptir efnahag þeirra og ástandi, að því leyti fè það, er til skólans væri ákveðið, eigi hrykki til. Alþíngi þótti samt bæði ísjárvert að svo komnu að bæta þessari álögu á bæinn, og áleit það yfir höfuð ekki æskilegt að kveða upp endilegt álit um mál þetta, fyrri en lögð væri fram áætlun um kostnað þann, er þurfa mundi og uppástúngur um það, hvernig þetta fè feingist. Frumvarpi þessu var því eptir tillögum alþíngis slegið á frest; hefir síðan ráðgjafi kirkju- og uppfræðslu-málefnanna hlutast til um, að þetta atriði málsins væri ítarlegar rannsakað af hlutaðeigandi embættismönnum í Reykjavík.

Eptir áætlun, sem feingin hefir verið frá bæjarstjórninni í Reykjavík, er gjört ráð fyrir, að kostnaður til stofnunar skólans og til að halda honum áfram eptirleiðis muni nema 1140 ríkisdölum á ári hverju. Af þessu er ætlazt til að hèr um bil 630 rd. fáist árlega í kennslukaup, og vantar þá enn hèr um bil 510 rd. til þess, að skólinn geti komizt á fót. Bæjarstjórnin hefir nú stúngið upp á því, að fá fè þetta með því móti, að leggja toll á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, og beðið um, að lagafrumvarp, er samið hefir verið í þessum tilgángi, yrði allramildilegast samþykkt og borið undir álit alþíngis.

Til styrkíngar uppástúngu þessari hefir bæjarstjórnin getið þess, að eptir reglugjörð 27. nóvember 1847, 19. gr. sè til bæjarsjóðs svarað árlegum tolli af kaupstaðarhúsum í Reykjavík (steinhúsum og trèhúsum, smb. 4. gr. reglugjörðarinnar), þar eð þriðjúngi af kostnaði

þeim, sem gjört er ráð fyrir að þurfi til framkvæmdar sjálfri bæjarstjórninni, eptir að búið er að draga frá tekjur þær, sem til eru til að greiða með kostnaðinn án þess skattur sè lagður á, sè jafnað niður á kaupstaðarhús eptir þeim mælikvarða, er frá fyrri tímum hefir verið við hafður; en aptur sè einginn slíkur tollur goldinn af hinum mörgu tómthúsum úr torfi og grjóti, sem eru í umdæmi bæjarins, eður af óbyggðum lóðum, er þar sè, og megi það þó þykja sanngjarnt og sè samkvæmt áliti almenníngs, að eignir þessar beri tilhlýðilegar álögur til bæjarsjóðsins; því bæði mundi slíkar álögur verða eigendunum upphvatníng til þess, að nota betur og sparlegar óbyggðar lóðir, en áður hefir gjört verið, og svo sè og því fremur ástæða til að leggja á lögur þær, er hèr ræðir um, á tómthús, sem það annars hvervetna sè siður, að heimta skatt af tómthúsum, sem nefndur er lóðartollur; það sè og því síður ástæða til að hlífa tómthúsum með því að undan skilja þau þeim álögum, er annars hvíla á húsum bæjarins, sem það einmitt sè æskilegt, að tómthúsin smátt og smátt fækki, og að svo breytist til, eptir því sem stundir líða, að þeir tómthúsmenn, er byggi ný hús, byggi þau eptir reglum þeim er gilda um kaupstaðarhús, og mætti það einnig álíta ábatasamara fyrir hlutaðeigendur sjálfa.

Í álitsskjali sínu um bænarskrá bæjarstjórnarinnar hafa stiptsyfirvöldin meðal annars getið þess, að þau álfti það með öllu nauðsynlegt, að eigi sè leingur frestað stofnun barnaskólans, en þessu geti ekki orðið framgeingt með öðru móti en því, að lög sèu sett um þær álögur, sem skólinn eptir uppástúngum bæjarstjórnarinnar ætti að hafa tekjur sínar af. Enn fremur hafa stiptsyfirvöldin lýst því yfir, að þau væri samdóma bæjarstjórninni í því, að vel mundi henta að fyrir skipta álögur þær, er áður hefir verið um getið.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þvínæst gjöra nokkrar athugasemdir.

Um 1. gr.

Bæjarstjórnin hefir stúngið upp á því, að skattur af tómthúsum skyldi vera jafn þeim skatti, sem jafnað er niður á kaupstaðarhúsin, og er fyrir því færð sú ástæða, að með því móti næst bæði jöfnuður í þessu tilliti, og líka verður þá komist hjá því, að hafa við nýjan mælikvarða, sem erfitt mundi að finna öðruvísi en svo, að hann yrði óbreytanlegur, þar sem þó skattur sá, sem lagður er á kaupstaðarhúsin eptir reglugjörð 27. nóvember 1846, 19. gr., breyt-

ist eptir því, sem þörfin krefur til framkvæmdar á bæjarmálefnunum. Þar eð nú álaga sú, er jafnað hefir verið á kaupstaðarhús, nálega stöðugt hefir verið 1 skildíngur af hverri ferhyrndri alin, stundum þó nokkuð meiri, og stundum nokkuð minni, en tómthúsin, einkum þau sem þeir fátækari eiga, eru optastnær lítil ummáls, þá má ekki álíta slíkan toll þúngbæran, er t. a. m. tómthús, 12 álnir á leingd og 10 álnir á breidd, ætti að gjalda 1 rd. 24 sk. Tala tómthúsa í umdæmi bæjarins er hèr um bil 130; en hèr við bætist hjallar og önnur útihús, sem fylgja mörgum þeirra; er ætlast svo á að hvert tómthús sè til jafnaðar upp og niður 150 □ álnir; verður þá allur skatturinn árlega hèr um bil 200 rd., þegar 1 sk. er látinn lenda á hverri □ alin.

Um 2. gr.

Til þess að skattur sá, er lagður yrði á óbyggðar lóðir, skyldi verða svo lèttbær sem unnt væri, er það eptir uppástúngu bæjarstjórnarinnar ákveðið, að hann skuli vera $1/6$ af þeim tolli, er eptir reglug. 27. nóvember 1846, 19. gr., er jafnað niður á kaupstaðarhúsin; yrði þá skattur þessi að öllum jafnaði $1/6$ sk. af hverri ferhyrndri alin; en hèr eru þó nokkur vankvæði á, því þar sem sjálfsagt er, að skattinn ber að greiða af kálgörðum, garðsrúmum, stakkstæðum, m. m., á það þar á móti ekki við, að við hafa hinn sama mælikvarða um tún, er liggja á lóð bæjarins, eður þá skika, sem smátt og smátt hafa verið teknir, eða teknir verða til ræktunar. Hefir því bæjarstjórnin stúngið upp á því, að við álögurnar sè gjörður munur á hinni svonefndu eiginlegu kaupstaðarlóð, er mæld var út 22. og 23. maí 1792, samkvæmt tilskipun 17. nóvember 1786, 4. gr., og þeim hluta af umdæmi bæjarins, er liggur fyrir utan þessa lóð; er kaupstaðarlóðin einkanlega ætluð til húsastæða, og virðist þar eiga miður vel við, að lóðir sè teknar til ræktunar; ætti því að greiða skattinn án nokkurrar takmörkunar af öllum óbyggðum svæðum, hvernig sem þeim væri varið, er lægi á sjálfri kaupstaðarslóðinni, en utan kaupstaðarlóðar ætti að taka til vissa stærð af óbyggðri lóð, er skatturinn skyldi hvíla á, og virðist það mega vera 1,000 □ álnir, þannig að einginn skyldi gjalda af meira flatmáli en þessu, þó hann kynni hann kynni meira að eiga. Nú hafa hinar óbyggðu lóðir, er fylgja hinum einstöku eignum, mjög sjaldan mældar verið, og er því erfitt að reikna það, hve margar □ álnir það mundi verða, sem ætti að bera slíkar álögur; en eptir því sem næst verður komizt — og

mun þó sú áætlun vera fremur of lág en of há — hyggur bæjarstjórnin, að allt það flatamál, er skattinn ætti af að svara muni vera hèr um bil 180,000 □ álnir, og yrði tekjurnar af því, þegar $^1/_6$ sk. er talinn af □ alin, nálægt 310 rd. á ári. Sè við þetta bætt þeim 630 rd. og 200 rd., sem áður hefir verið um rætt, fæst ofangreind upphæð, 1,140 rd.

Við 3. gr.

Bæjarstjórnin hefir álitið, að tekjur þær, er hèr ræðir um, ætti ekki beinlínis að koma upp í útgjöld þau, er af skólanum leiða, en skyldu gánga inn í bæjarsjóðinn, og skyldi þá aptur jafna niður kostnaði þeim, er til skólans þyrfti, eptir reglugjörð 27. nóvember 1846, 19. gr.

Nú er það ákveðið í þessari grein, að það, sem vantar á, að tekjur þær sem fyrir hendi eru til að greiða með kostnað þann, er þarf til framkvæmdar bæjarmálefna, án þess skattur sè á lagður, hrökkvi til, þá skuli því jafna niður á þann hátt, að $^1/_3$ lendi á kaupstaðarhúsum, en hinum 2 þriðjúngum, ásamt því, er þarf til framkvæmda einstakra stjórnargreina (fátækrastjórnar og skóla), skuli jafna niður á bæjarbúa eptir efnahag og ástæðum þeirra; en ef þær hinar nýju tekjur, án nákvæmari ákvörðunar væri hafðar til að borga með kostnað þann, er leiðir af hinni eiginlegu bæjarmálefnastjórn, þá mundi af því leiða, að upphæð sú, er jafna ætti niður á kaupstaðarhúsin, yrði minni en áður, en aptur á móti meiri upphæð sú, er jafna ætti á bæjarbúa eptir efnahag og ástæðum. En þetta þótti bæjarstjórninni eigi heppilegt, er það ekki megi álítast æskilegt, að lóðartollur sá minnki, er hvílir á kaupstaðarhúsum, og eingan veginn megi heita hár eins og hann er nú; en aptur sè það álit almennings, að fremur beri að minnka en auka skatta þá, sem jafnað er niður eptir efnahag og ástæðum, er slík niðurjöfnun aldrei geti með öllu verið laus við sjálfdæmi eður gjörræði. Bæjarstjórnin hefir því stúngið upp á því, að upphæð skatta þeirra, sem hèr eru nefndir, skuli eingin áhrif hafa á það, hversu miklu jafnað skuli á kaupstaðarhúsin, og eigi því ekki að draga þá frá, áður en ákveðið sè, hversu miklu skuli jafna niður á hús þessi, og hversu miklu á bæjarbúa eptir efnahag og ástæðum, heldur skuli þeir koma upp í þá 2 þriðjúnga af kostnaði þeim, er leiðir af stjórn bæjarmálefna, sem jafna á niður eptir efnahag og ástæðum, eður, ef þeir yrði meiri að upphæð en þyrfti til þessa, þá skyldi þeir koma upp í

kostnað þann, er þarf til framkvæmda hinum sèrstöku stjórnargreinum, fátækra- og skólamálefnum.

Að öðru leyti er það ákveðið í þessari grein, að fara skuli eptir reglum þeim, er nú gilda um bæjargjöldin yfir höfuð, í því, að gjöld þau, sem hèr ræðir um, skuli rita í hina árlegu niðurjöfnunarskrá, og um það, hve nær þau skuli greidd og hvernig þau verði heimt.

# V.

# Frumvarp

til

## tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann.

Svo má og, fyrir hæfilega borgun, taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið, án þess hin missi í. Að því leyti fè það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar, dagsett 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr.

2. gr.

Stjórnardeild kirkju- og kennslu-málanna skal falið á hendur með ráði stiptsyfirvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, er hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þess konar skóla í Danmörku, þó með þeirri tilhögun og breytíngum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

---

# Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Ár 1830 var stofnaður barnaskóli í Reykjavík, og var þá gjört ráð fyrir 20 skólabörnum úr bænum, og átti að greiða 1 rd. mán-

aðarlega fyrir hvert þeirra. Þó var leyft, að taka 6 fátæk börn í skólann fyrir hálfa borgun.

Það var samt of vaxið alþýðu, að greiða 12 rd. árlega, og þó gjaldið væri seinna lækkað í 6 rd., gátu þó fátækir alþýðumenn ekki greitt það. Af þessu leiddi, að skólinn varð fremur borgara- en alþýðu-skóli, og að skólabörnin fækkuðu mjög; því margir efnagóðir foreldrar kusu heldur, að láta kenna börnum sínum í heimahúsum, og þar eð skólinn átti ekki annað að styðjast við, en gjald þetta, komst hann bráðum í þrot. Það, sem á brast, var skotið til úr gjafasjóði *Thorchillii* barnaskóla. Seinna komust menn þó að raun um, að þetta var ekki samkvæmt tilgángi þeim, sem sjóður þessi var stofnaður í, er fè þetta, eptir gjafabrèfi skólastjóra *Thorchillii* frá 1759, var ætlað til þess, að koma upp stiptun handa hinum mest þurfandi og fátækustu börnum í Kjalarnesþíngi í Íslandi, og átti að verja vöxtum höfuðstólsins í þarfir þessarar stiptunar og skóla handa fátækum börnum í nefndu þíngi, og áttu þau að fá þar húsaskjól, föt og mat, svo hreinlegt og sómasamlegt væri, þángað til þau gætu haft ofan af fyrir sèr. Af þessu þótti það auðsèð, að tilgángurinn var ekki að eins, að útvega börnunum kennslu kauplaust, heldur einnig nauðsynleg föt og fæði, o. s. frv., eður að með þessu var áformuð uppeldisstiptun, sem börnin gætu feingið allt í, sem þau þyrftu, er þau gátu ekki verið heima í foreldrahúsum. Eptir undirlagi stiptamtmanns þess, er þá var á Íslandi, var það því af stjórnardeild kirkju- og kennslu-málanna ákveðið í brèfi, dagsettu 15. júlí 1848, að tillög *Thorchillii* skólasjóðs til barnaskólans í Reykjavík skyldu hætta frá byrjun janúarmánaðar 1849.

En þá hætti þessi skóli undir eins. Samt var einlægt meiri og meiri nauðsyn á fullkomnari og betur lagaðri skólakennslu en þeirri, sem færi var á í Reykjavík, eptir því sem fólkið á seinni árum var sífellt að fjölga í bænum, og er því í tilskipun 27. nóvember 1846 ætlazt til, að slíkur barnaskóli verði stofnaður. Nefnd sú, er áður var fyrir barnaskólanum, rèðst því í, árið 1847, að snúa sèr til alþíngis með bæn um, að sú ósk yrði fram borin, að lagt yrði fyrir næsta alþíngi frumvarp til reglugjörðar um barnaskóla í Reykjavík, eptir viðlíkri tilhögun, sem barnaskólar hafa í hinum dönsku kaupstöðum, og þar eð þíngið vísaði beiðendunum á, að fara máli þessu fram við hlutaðeigandi yfirvöld, urðu 4 af meðlimum nefndarinnar til að semja slíkt frumvarp, sem að því búnu var sent stiptamtinu. Stiptamtmaðurinn og biskupinn, sem eptir tilskipun 27. nóvember

1846, 19. gr., eru yfirumsjónarmenn skólakennslumálefna i Reykjavík, álitu þó frumvarp þetta ekki hentugan grundvöll, að byggja nýtt lagaboð á um skólakennsluna þar, og skrifuðust því á við dómkirkjuprestinn og bæjarstjórnina í Reykjavík um málið, og sömdu að því búnu nýtt frumvarp til reglugjörðar um skólakennslu fyrst um sinn í Reykjavík, og sendu það stjórnardeild kirkju- og kennslumálanna, og hefir stjórnardeildin einnig feingið frá yfirdómaranum í hinum íslenzka landsyfirrètti og dómkirkjuprestinum og bæjarfógetanum í Reykjavík beiðni um, að áður um getið frumvarp með breytíngum þeim, er stjórnin kynni að álíta nauðsynlegar, annaðhvort strax fái lagagildi, eður að það að öðrum kosti verði borið undir alþíngi á þessu sumri, svo að málið geti á æskilegan hátt orðið útkljáð.

Hèr verður þá að íhuga, hvort fara eigi með allt saman málefni þetta eins og löggjafarmál, eður hvort það að minnsta kosti að nokkru leyti geti orðið útkljáð eins og stjórnarmálefni.

Þegar þess er gætt, að í hinu mjög svo lánga og ítarlega frumvarpi stiptsyfirvaldanna er fjöldi af ákvörðunum um tilhögun skólans, aðferð á kennslunni, skóla-agann, o. s. frv., sem eru eingaungu þess eðlis, að stjórnin á að skera úr þeim, virðist það bæði óeðlilegt og óviðfelldið, að gjöra þau að löggjafarmálefni; því bæði er það, að fulltrúar þjóðarinnar, sem eiga þátt í löggjöfinni, feingi á þann hátt þá hlutdeild í stjórnarmálefnum, sem þeir eiga ekki að hafa, og líka geta menn varla búizt við því, að allur þorri þíngmanna þekki nógu vel mál þetta, sem svo er sèrstaklegt, og eru varla aðrir en þeir, sem þekkja staðinn, og eru kunnugir skólamálefnum, fullfærir um, að dæma um þetta mál.

Það mundi líka leiða af því, að fara með mál þetta eins og löggjafarmálefni, að það yrði gjört óþarflega örðugt og fyrirhafnarmikið, að breyta seinna ákvörðunum þeim, sem gjörðar eru, þó reynslan sýndi, að breytíngin væri nauðsynleg, eða að minnsta kosti ætti vel við, og að eins lyti að þeim atriðum, sem beinlínis væri stjórnarmálefni. Auk þessa eru að lyktum nokkrar ákvarðanir í frumvarpi stiptsyfirvaldanna, sem vafi getur verið á um, hvort við eigi, og er þó ekki að búast við, eins og áður er sagt, að þíngið geti skýrt til hlítar þau atriði, þó þau verði borin undir það.

En þó það nú, eins og hèr er sagt, án efa virðist rèttast, að láta stjórnina hlutast til um fyrirkomulag barnaskólans í Reykjavík, eru samt tvö atriði í hinni áður nefndu reglugjörð, sem gjöra þyrfti að lögum, og ætti því að gjöra sèrstakt lagafrumvarp um þau, og

leggja það fyrir alþíngið. Þessi atriði eru: að Reykjavíkurbúar skulu vera skyldir, að stofna barnaskóla á eiginn kostnað, og að foreldrar skulu skyldir, að senda börn sín í skóla, þegar þau ekki á annan hátt sjá um uppfræðíng þeirra, *og skal nauðúng við liggja*, og er það að mestu leyti samhljóða því, sem skipað er í Danmörku.

Það gæti að vísu verið efi á, hvort að ákvarðanir þessar sè ekki heimilaðar í lögum þeim, sem gilda á Íslandi, einkum tilskipun dags. 27. dag nóvembermán. 1846; en það hefir þó virzt rèttast, að leiða þær í lög með sèrstöku lagaboði, og getur þá alþíngið við umræðu þess feingið færi á, að láta í ljósi ósk sína og álit um þetta mál.

Auk þess er þess beðizt í 2. gr. frumvarpsins, að stjórn kirkju- og kennslu-málanna verði gefið vald til, eptir að hún hefir feingið þau álitsskjöl frá Íslandi, er þurfa þykir, að semja reglugjörð um tilhögun skóla þessa, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þess konar skóla í Danmörku, þó með tilhögun þeirri og breytíngum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eða ákjósandi.

# VI.

## Frumvarp

til

opins brèfs,

um það, hvernið endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

1. gr.

Kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, að upphæð . . . . . . . ., skal endurgjalda jarðabókarsjóðinum á þann hátt, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig að gjalda skal . . . . skildínga af hverju jarðarhundraði, sem til er fært í hinni nýju jarðabók.

2. gr.

Gjald þetta skal ábúandi hverrar jarðar skyldur að greiða, en hann skal eiga rètt á, að fá það endurgoldið hjá eiganda jarðarinnar; skulu sýslumenn heimta helmíng þess árið . . . . ., en hinn helmínginn árið . . . . .

## Ástæður

fyrir lagafrumvarpi þessu.

Eptir hinum árlegu reikníngum jarðabókarsjóðsins hefir kostnaðurinn við jarðamat það, sem fram fór á Íslandi árin 1849—50, verið alls að upphæð 5,720 rd. 92 sk. Þar á móti hefir kostnaður sá, er reis af endurmati því, er nefnd sú, er sett var í Reykjavík

með allrahæstum úrskurði 18. maí 1855, lèt gjöra, ásamt borgun til skrifara nefndarinnar, verið 469 rd. 86 sk., auk þess, hvað matið á Akureyrar- og Ísafjarðar verzlunarstöðum og á námunum í Þíngeyjarsýslu kostaði, en um það eru eingar skýrslur komnar til stjórnarinnar. Við þetta bætast laun nefndarmanna eptir allrahæstum úrskurðum 27. maí 1857, og sama dag 1859, til samans 1,800 rd., samt enn fremur þóknun til skrifara nefndarinnar, 150 rd., og endurgjald til formanns hennar fyrir tilkostnað 70 rd., og að endíngu borgun til þess embættismanns í hinni íslenzku stjórnardeild, sem reiknað hefir dýrleika hverrar jarðeignar fyrir sig, er með allrahæstum úrskurði 27. maí 1859 hefir verið ákveðin að vera skuli 150 rd.

Allur kostnaðurinn við jarðamatið, sem til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr ríkissjóði, er því 8,360 rd. 82 sk., auk þess, sem áðurgreindar 3 matsgjörðir hafa kostað.

Þar eð hin nýja jarðabók fyrir Ísland nú er fullgjörð, er sá tími kominn, að ákveða skuli, samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 7. gr., og allrahæstum úrskurðum 18. maí 1855 og 27. maí 1857, hvernig fè þetta verði endurgoldið; hefir því verið samið frumvarp það, sem hèr er að framan, og skal þess að eins getið við hinar einstöku greinir þess, að það hefir þótt rèttast, að leggja kostnaðinn á allar jarðeignir, en gjöra eigi þá undantekníngu, sem í opnu brèfi 18. júlí 1848, smbr. opið brèf 2. marz 1853, er ákveðin um greiðslu alþíngiskostnaðarins; því bæði er það í sjálfu sèr samkvæmast rèttum grundvallarreglum, og svo ræðir hèr að eins um lítilfjörleg útgjöld, hèr um bil 9 sk. af hverju jarðarhundraði, sem að eins bera einu sinni að höndum, og er svo tilætlazt, að kostnaðinum, til enn meiri lèttis fyrir landsbúa, verði skipt niður á 2 ár.

# VII.

## Frumvarp

til

til tilskipunar um vegina á Íslandi.

1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra, og eins hina almennu póstferðavegi.

3. gr.

Sýslumenn skulu bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

4. gr.

Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástúngu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar, í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar.

5. gr.

Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur, að láta vinna verkið fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaðurinn að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart, en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

6. gr.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft híngað til, en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

7. gr.

Sèrhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins, að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilfaung, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt.

8. gr.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóði amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, ellegar þá eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þykir

vera ástæða til þess; þó hverfur tilkall eigandans til téðrar þokkabótar, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem skylda hefir híngað til legið á jörðunni, til að leyfa umferð yfir eingjar.

9. gr.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, t. a. m. þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

10. gr.

Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegt þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjörri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo lángt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

11. gr.

Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því, sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $1/2$ danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað. Ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag.

12. gr.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna

landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera $1\frac{1}{2}$ danskri alin hærri til hlíðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju 2 eða $2\frac{1}{2}$ danskri alin hærri, að því skapi sem torfbrúin er breið. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

13. gr.

Yfir litlar ár og læki skal, þar sem þær liggja svo, og því að öðru leyti verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

14. gr.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiníngar.

15. gr.

Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts. Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári, að kostnaðurinn til nýrra vega, viðgjörða og viðhalds allra þjóðvega í amtinu verði ekki meiri en svo, að hann verði greiddur með því, að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað. En skyldi í einhverri sýslu þurfa stórkostnað, til að leggja nýja vegi

eða til að gjöra stórkostlegar vegabætur, þá má, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess, eptir að hann áður hefir leitað álits annara um það, jafna allt að 1 sk. tillagi meira fyrir hvert lausafjárhundrað á þessa sýslu, heldur en hinar aðrar sýslur, en samt mega tillögin samtals aldrei gánga út yfir það, sem einu sinni er ákveðið.

16. gr.

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almenníngs þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgángi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 18. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því sem á þá skiptist. En ef hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á hans heimili.

17. gr.

Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabættur, er gjöra þarf á næsta sumri við hina almennu aukavegi í hreppnum, og skal tèðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til, samkvæmt næstu gr. á undan; á sýslumaður síðan í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna, og gefa hreppstjórunum það til vitundar, en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru til teknar í þessari tilskipun, og skal þess gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá, sem skyldir eru að leggja verk til.

18. gr.

Að því leyti sem sèrlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem

ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 23. gr., eða púður til að spreingja steina, o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 16. gr., að svo miklu leyti sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.

19. gr.

Aukavegir eiga almennt að vera 5 álnir á breidd; þó má amtmaður leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 9. grein að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilfaung, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti sem þær geta átt hèr við.

20. gr.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt, að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeiganda hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er geingið geti í hins stað, fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar hann er til þess kvaddur, og hefir einga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við, hve nær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkfæran mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt; en aptur á móti á hann rètt á, að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Ofannefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars geingur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveimur tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta, sem hann hafi ekki komið.

21. gr.

Sýslumaður til tekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma, en í maí eða júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè að bregða út af þessu, og skal þá sýslumaður nákvæmar ákveða verkdaginn.

22. gr.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann milli bæja eptir þíngboðsleið svo tímanlega, að hann sè kominn þíngboðsleið á enda einum degi fyrir hinn ákveðna verkdag.

23. gr.

Sèrhver verkamaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk á Íslandi; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að morgni, og vera við vinnu til sjöundu stundar að kveldi; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla kemur meir en einni stundu of seint, eða fer úr verkinu meir en einni stundu of snemma, eða skorast undan að gjöra þá vinnu, sem honum er sagt, þá skal það metið, sem hann hefði alls ekki komið, og lýkur hann þá sekt eptir 20. gr. tilskipunar þessarar, en ef styttri tími en ein stund geingur frá verkinu, annaðhvort af því einhver kemur of seint, eða fer of snemma, þá er hann sekur um helmíng af sekt þeirri, sem ákveðin er í nýnefndri grein.

24. gr.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að einginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

25. gr.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum í

flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

26. gr.

Þegar verkið eptir 16. gr. 2. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi.

27. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum öðrum vegum í sýslunni, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um það; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

28. gr.

Það er skylda amtmanna, að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna og að öðru leyti á ári hverju að senda skýrslu til dómsmálastjórnarráðsins um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

29. gr.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd., eptir því, hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það sæta 10 rd. til 50 rd. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10 til

27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari gr., skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

30. gr.

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

31. gr.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap., og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, § 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnd konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

---

# Ástæður

fyrir frumvarpi þessu.

Það hefir leingi verið almennt viðurkennt, að lagaskipanir þær, er nú gilda um endurbót og viðhald vega á Íslandi, nefnilega Jónsbókar landsleigubálks 44. kapítuli og konúngsbrèf af 29. apríl 1776 eiga lítt við þarfir þessara tíma, og hið slæma ástand, sem íslenzku vegirnir eru í, sýnir það, að þetta sè rètt álitið.

Einkum má telja það sem einhverja hina helztu hindrun gegn framförum vegabótanna þar á landi, að reglu þeirri er fylgt eptir lögum þeim, er nú gilda, að hver hreppur fyrir sig haldi þeim vegum við, sem liggja um hreppinn, án tillits til þess, hvort að innbúar hreppsins einir hafi not þessara vega, eða líka innbúar allrar sýslunnar, eður annara enn þá stærri hèraða, og þess vegna án

tillits til, hvort vegurinn einúngis er aukavegur eða hann er alfaravegur. Það liggur í augum uppi, að vegaverkum eptir þessari reglu hefir verið harðla ójafnt skipt niður milli innbúa landsins; en enn þá meira ber á mismuni þessum, þegar litið er til þess, að jarðvegurinn er svo ólíkur í ýmsum hreppum, að þar sem endurbót og viðhald vega í nokkrum hreppum útheimtir harðla litla fyrirhöfn, er það í öðrum hreppum samfara svo miklum erfiðleikum og torveldni, að sveitarbúar geta með eingu móti orkað, að halda vegum þar í nokkurn veginn bærilegu standi.

Önnur hindrun, sem gjörir framgángi vegabótanna næsta örðugt fyrir, er án efa sú regla, sem híngað til hefir verið í gildi, að til veganna hefir einúngis verið látin af hendi skylduvinna, en þótt mörg vegastörf sè til, og það að öllum jafnaði hin nauðsynlegustu og örðugustu, sem ekki verður við búizt að tillhlýðilega verði af hendi leyst, nema fólk sè leigt til þeirra. Þegar vegur liggur um þèttbyggt hèrað, geta þeir, sem búa í nágrenninu, komið á veginn án mikils tímaspillis eða fyrirhafnar, og á fám dögum starfað allmikið til að bæta hann, en það verður aldrei unnt með skylduvinnu innbúanna eingaungu, að halda þeim vegum í tilhlýðilegu standi, þar sem svo er ástatt, að ekki eru nema fáeinir bæir á margra mílna svæði, og, ef til vill, þar að auki af náttúrunni til fyrirstöðu sèrlegir örðugleikar. Jafnvel þar sem allmargir eru til að vinna og töluvert laungum tíma er varið til vegastarfanna, verður þó að tiltölu lítið úr vinnunni, þar mikill tími geingur til að ferðast fram og aptur, og þar að auki má sjaldan búast við, að menn, sem hafa sótt svo lángt til, geti leyst af hendi nein stritsöm og áreynslumikil verk, og verður því opt kastað höndum að, og lítið sem ekkert gjört. Á hinn bóginn hefir reynslan sýnt með verkum þeim, er fjallvegafèlagið lèt gjöra, að með leigðum mönnum, sem geta verið um kyrrt á vinnustaðnum, meðan á verkinu stendur, og þegar maður getur valið þá menn til starfans, sem bezt eru til þess fallnir, þá verður miklu meira afkastað, og auk þess verður verkið sjálft betur gjört, og stendur því um leingri tíma.

Það leiðir einnig af aðferð þeirri, sem þannig hefir verið við höfð samkvæmt reglu þeirri, er hèr segir, að vegaverkin hafa eingaungu verið unnin á þeim tíma árs, þegar verkmenn bezt máttu vera frá heimilum sínum, það er að segja við lok maímánaðar eða byrjun júnímánaðar; en þar eð mörgum vegum er svo háttað, einkanlega þeim, sem liggja yfir há fjöll, að öll vegagjörð á þeim tíma

árs er bönnuð, af því snjór er þar ekki enn þá upp tekinn, eður þar er mikill aur og bleyta í jörð, þá verða annaðhvort alls ekki neinar endurbætur gjörðar við vegi þessa, eða það verður ekki gjört svo, að eins mikið gagn verði að, eins og það væri, ef leingra væri álið-ið, en bændur eiga óhægra með.

Við þetta bætist loksins, að lög þau, sem nú gilda, ekki innihalda slíkar fastar reglur, að nein trygging sè fyrir því, að þeir vinnukraptar, sem til eru, verði notaðir með þeim hætti, sem bezt á við, og eptir fast ákveðnum almennum reglum. Í því skyni að bæta úr hinum ofannefndu annmörkum, var þegar árið 1839 af hinum þá veranda stiptamtmanni Bardenfleth fyrir embættismannafund þann, er þá var haldinn í Reykjavík, lögð uppástúnga til nýrrar vegatilskipunar fyrir Ísland, sem einkum miðaði til þess, og auka og bæta ákvarðanir þær, sem hin eldri löggjöf hafði inni að halda um þetta efni, og að nema það úr, sem var til fyrirstöðu fyrir framgángi vegabótanna. Þessi uppástúnga var því næst tekin til umræðu á fundinum, sem fól þriggja manna nefnd á hendur nákvæmar að íhuga uppástúnguna; en síðan skyldi hana ítarlega ræða af embættismannafundinum, þegar hann kæmi næst saman. Á hinni næstu samkomu, sem haldin var árið 1841, var lagt fram nýtt frumvarp, er forstjóri nefndarinnar, amtmaður Thórarensen sál., hafði samið; en þar eð töluverður ágreiníngur varð á milli fundarmanna um ýms aðalatriði í frumvarpi þessu, og ekki var tími til á þessum fundi að ræða málið svo ítarlega, að því yrði ráðið haganlega til lykta, þá var það samþykkt, að fela konferenzráði Thorsteinson, sem þá var amtmaður í vesturamtinu, á hendur, enn þá ítarlegar að starfa að máli þessu ásamt með amtmanni Thórarensen, og síðan að semja hina þriðju breyttu uppástúngu, er leggja skyldi fyrir fundinn, ef hann kæmi optar saman, en að öðrum kosti fyrir hið nýja alþíngi, þegar það tæki til starfa.

Sökum ýmsra atvika, er til báru, einkum dauða amtmanns Thórarensens, varð ekkert úr ítarlegri undirbúníngi þessa máls, og málefnið um breytíngar á lagaboðum þeim, er gilda um hinar íslenzku vegabætur, hefir síðan öldúngis verið látið liggja fyrir, þángað til því nú aptur var hreift af alþíngi því, ef haldið var árið 1855.

Samkoma þessi hefir nefnilega í því tilefni, að fyrir hana komu tvær bænarskrár sama innihalds og í öldúngis sömu stefnu, samþykkt bænarskrá til konúngs um það, að frumvarp til laga um vega-

*

bætur á Íslandi yrði samið og lagt fyrir alþíngi það, er næst komi saman, og skyldi vera byggt á þessum atriðum:

*a*. Að skylduvinna bænda til vegabóta yfir höfuð að tala sè tekin úr lögum.

*b*. Að öllum kostnaði til endurbóta þjóðveganna í hverju amti sè jafnað niður af amtmanni eða amtsráði á alla amtsbúa undanþágulaust, sem eiga löglega með sig sjálfir.

*c*. Að endurbót allra þeirra hèraðavega, sem ekki eru alfaravegir eða þjóðvegir, hvernig hana skuli vinna, og hvort heldur fyrir daglaun eða skylduvinnu, kostnaði til hennar niðurjafna, ákveði þær hreppstjórnir og sýslustjórnir, sem nú eru eða skipaðar verða að lögum.

*d*. Að yfirvaldið ákveði, hverjir vegir sè þjóðvegir og hverjir ekki, og eins, hver vegabót sè nauðsynleg, hvort heldur er þjóðvegur eður eigi.

En er þetta lagafrumvarp var samið, þá virtist ekki, að allar þessar uppástúngur yrði teknar til greina. Þar sem alþíngi þannig undir *littera a* hefir stúngið upp á, að öll skylduvinna væri af tekin, þá þótti það ísjárvert að gánga að því. Konúngsfulltrúi hefir líka látið það álit í ljósi, að það væri of lángt farið, nú allt í einu að breyta allri skylduvinnu á Íslandi í peníngaútlát, því það mundi verða ókljúfanda fyrir landsbúa, jafnframt hinum öðrum útgjöldum þeirra, er fara vaxandi á ári hverju, að greiða þau peníngagjöld af hendi, er leiddi af slíkri tilhögun, og alþíngi virðist jafnvel sjálfu að hafa þótt þetta uppástúnguatriði ísjárvert, því úr þeirri reglu, sem þar er sett eins og almenn, er töluvert dregið með hinni eptirfylgjandi uppástúngu, *littera c*, er eptir henni hrepps- eða sýslustjórnir ætti að ákveða, að hve miklu leyti verkin við aukavegina skuli láta gjöra mót daglaunum eða sem skylduverk. Það er nú líka, einkum hvað hin stærri vegastörf snertir, að skylduvinnan hefir reynzt ónóg og óhagkvæm; en aptur munu hin minni vegaverk geta orðið unnin til hlítar með skylduverkum bænda, þegar tilhlýðilegt eptirlit er á þeim haft, einkanlega þegar hèr að auki skylduverkum yrði skipt jafnar niður, en híngað til hefir verið gjört. Af þessum ástæðum hefir það þótt rèttast, að stínga upp á, að regla sú, sem alþíngi hefir sett undir *a*, sè að eins látin gilda **þjóðvegina**, og sè það því einúngis viðgjörð þeirra og viðhald, sem leigðir menn fortakslaust vinni að, en aptur á móti hefir það, hvað **aukavegina** snertir, þótt rèttast, að ákvarða það sem **almenna reglu**, að vegaverk framvegis

sè leyst af hendi með skylduvinnu, en að út af þessu megi bregða, þegar hreppsbændur eða meiri hluti þeirra eru því meðmæltir, að leigðir menn vinni verkið, og skyldi skera úr því máli á hreppskilaþíngum á hausti. Af uppástúngunum og umræðunum um þetta mál á embættismannafundinum árin 1839 og 1841 má líka sjá, að það fór svo fjarri, að menn þyrði að stínga upp á aftekníng allra skylduvinnu, að það þótti ekki einu sinni fært að stínga upp á, að af má hana við viðgjörð þjóðveganna yfir höfuð, heldur einúngis með tilliti til slíkra þjóðvega, sem ókljúfandi væri að gjöra við eða viðhalda með skylduvinnu vegna sèrlegra kríngumstæða.

Að því leyti sem alþíngi þar næst hefir stúngið upp á, að kostnaðinum til vegabótanna sè af amtmanninum eða amtsráðinu jafnað niður á alla amtsbúa, sem eiga löglega með sig sjálfir, þá virtist einnig ísjárvert, að taka þetta uppástúnguatriði til greina.

Þess ber í því tilliti að geta, að það verður ekki ætlað, að sú hafi verið meiníng alþíngis, að hver maður, sem er fyrir utan vinnuhjúastètt, skyldi greiða jafnmikið tillag, því af því mundi spretta slíkur ójöfnuður í byrði þeirri, er leiðir af vegabótunum, er meiri væri heldur en sá, sem nú er. Þar á mót hefir þíngið, og til þess benda ýmisleg orð í umræðum þíngsins, án alls efa ætlazt til, að tillögunum yrði jafnað niður á hlutaðeigendur eptir efnum og ástæðum, en þegar út frá þessu er geingið, þá mundi það vera ógjörníngur, að láta amtmann (amtsráð getur, nú sem stendur, ekki komið til tals) gjöra slíka niðurjöfnun, þar eð ekki verður gjört ráð fyrir, að hann þekki svo grannt til hvers innbúa í amtinu. Ætti hann á hinn bóginn að fá frá hlutaðeigandi sýslumönnum og hreppstjórum allar upplýsíngar út í hörgul, sem með þyrfti til þess að dæma um efnahag hvers einstaks manns, þá mundi af þessu leiða bæði frábæra erfiðleika og málaleingíngar, og líka mætti það ætla, að hreppstjórunum sèr í lagi mundi verða gjarnt til að hlífa sínum hreppsbændum svo mikið, sem unnt væri. Mundi því að öllum líkindum óumflýjanleg nauðsyn til bera, að minnsta kosti meðan amtsráð eða sýsluráð ekki eru stofnuð á Íslandi, að láta gjöra niðurjöfnunina á þann hátt, að amtmaður einúngis ákvarði, hversu mikið greiða skyldi í hverri sýslu til vegagjörðanna, og að sýslumaðurinn síðan jafnaði tillögum sýslunnar niður á einstaka hreppa, og hreppstjórarnir loksins jöfnuðu þeim niður á hina einstöku hreppsbúa eptir efnum og ástæðum, og ynnist þá við það, að þeir, sem þættist hafa orðið fyrir halla við niðurjöfnunina, gæti kvartað til sýslumanns og amtmanns, sem þeir annars

ekki gæti, en að öðru leyti liggur það í augum uppi, að öll þessi aðferð er næsta erfið og flókin.

Hvað þar næst sjálfa niðurjöfnunaraðferðina snertir, þá mun, þegar eingin önnur regla er sett, en sú, að tillögin skuli ákveða eptir efnum og ástæðum, og niðurjöfnunin þannig skal vera gjörð einúngis eptir álitum, þetta gefa tilefni til þess, að menn færi eptir hugþótta sínum, og mundi af því leiða óánægju. Þessi niðurjöfnunaraðferð má heita óþekkt á Íslandi, því að vísu er það eptir reglugjörð 8. jan. 1834, 10. og 11. gr., gefið hlutaðeiganda hreppstjóra í vald, að jafna aukasveitartillögunum niður á hreppsbúa, en það er um leið fyrirskipað, að hann við niðurjöfnunina eigi að hafa hliðsjón af upphæð fátækra tíundar fyrir hvern, sem leggur til sveitar, en samt svo, að það tillag, sem hann eptir tíundarupphæð ætti að greiða, verði lækkað eða hækkað eptir kjörum þeirra að öðru leyti, og er þar þannig til tekinn fastur stofn fyrir niðurjöfnunina, er öldúngis vantaði eptir uppástúngu alþíngis, og ber einnig þess að geta, að sveitarútsvör eru einúngis á lögð til hags fyrir þann hrepp, sem í hlut á, en niðurjöfnunin á tillögunum til vegabótanna snertir útgjöld, sem koma öllu amtinu við.

Til þess að sneiða hjá hinum ofannefndu erfiðleikum, og líka til þess að fá niðurjöfnunaraðferð, er fyrirbyggi allt sjálfræði, þá virðist ekki annað verða til bragðs tekið, en að láta greiða hin ofannefndu útgjöld úr jafnaðarsjóðum amtanna. Þetta er samhljóða hinni upprunalegu uppástúngu Bardenfleths stiptamtmanns, og það er einnig samkvæmt rèttum grundvallarreglum, að þau gjöld, sem varið er til að bæta hina almennu vegaskipun amtsins, sè greidd á sama hátt og annar kostnaður, sem þarf til almennra nauðsynja amtsins. Líkt stóð á að sumu leyti, þar sem með opnu brèfi 10. febr. 1847 voru afteknir skylduflutníngar fyrir embættismenn, en ákveðið, að kostnaðinn skyldi greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna. Þessa ákvörðun samþykkti alþíngi án nokkurra mótmæla.

Sú eina mótbára, sem með nokkrum sanni verður höfð á móti hinni ofannefndu borgunaraðferð, er sú, að lausafèð geti ekki borið þessar álögur, og mætti því spyrja, hvort fasteignir ætti ekki líka að taka þátt í greiðslu áðurnefndra gjalda; en síðan að það er ákveðið með opnu brèfi af 18. júlí 1848, að $^3/_4$ af alþíngiskostnaðinum skuli falla á fasteignir, er naumast ástæða til, sem stendur, frekar að þýngja á þeim, og það því síður, sem það kynni að sýnast ekki sem sanngjarnast, að þær framvegis standi straum af mest-

um hlut alþíngiskostnaðarins, sem er töluverður, síðan að kosníngarrèttur og kjörgeingi til alþíngis nú ekki leingur er bundið við jarðeign.

Að því leyti loksins sem til er ætlazt í uppástúngu alþíngis, þeirri er hèr ræðir um, að taka af undanþágu þá frá skylduvinnu, sem embættismenn á Íslandi híngað til hafa notið, þá ber þess að geta, að þar eð embættismenn og ekkjur þeirra nú, samkvæmt opnu brèfi 8. júní 1851, gjalda tillög af hinum tíundbæru fjármunum sínum til jafnaðarsjóðs amtsins til jafns við bændur, þá verða þeir einnig að taka þátt í vegabótakostnaðinum, þegar hann er goldinn úr nefndum sjóð. Þar á mót munu að vísu kaupstaðarbúar komast betur af, þó þeir sleppi ekki öldúngis, þegar kostnaðurinn er tekinn af jafnaðarsjóðum amtanna, þar þeir gjalda jafnaðarlega litla tíund, en hins vegar eru þeir svo fáir, að aldrei getur munað mikið um tillög þeirra, hvernig sem ástatt er.

Hèr skal enn bætt við þeirri almennu athugasemd, að hinar einstöku ákvarðanir, sem settar eru í þessu lagafrumvarpi, eru byggðar á frumvarpi því eptir amtmann Thórarensen, er vèr höfum áður áminnzt; þótti því meiri ástæða til þess, sem sjá má af umræðunum um þetta mál á embættismannafundinum árið 1841, sem stjórnarráðið hefir fyrir sèr, að í því tilliti hefir ekki verið neinn sèrlegur ágreiníngur milli fundarmanna. Viðvíkjandi hinum einstöku greinum í frumvarpinu skal því næst gjöra eptirfylgjandi athugasemdir.

### Við 1.--3. gr.

Hvað skiptíngu veganna í þjóðvegi og aukavegi snertir, má skírskota til þess, sem getið er hèr að framan, og einnig til uppástúngu alþíngis um það. Það er sönnuleiðis samkvæmt uppástúngu alþíngis ákveðið, að amtmaður eptir uppástúngum frá hlutaðeiganda sýslumanni skuli ákvarða, hverjir vegir skuli vera þjóðvegir og hverjir ekki, og þegar þetta er ákvarðað, þá skal eptir reglum þeim, sem um það eru settar í frumvarpi því, er lagt var fyrir embættismannafundinn, einkum hafa tillit til þess, hvort innbúar eins eða fleiri hèraða optast nær fara veginn, þegar þeir ætla í kaupstað, fiskiver eður annan stað, þar sem menn að öllum jafnaði koma saman; hvort hann jafnaðarlega er notaður milli tveggja sýslna, enda þó ekki sè miklar samgaungur þeirra á milli, og enn fremur, hvort hann er stöðugur póstferðavegur.

Við 4. gr.

Hinar nákvæmari reglur fyrir viðgjörð þjóðvega, viðhaldi þeirra, o. s. frv., eru ákveðnar í 4.—15. gr. Þar eð þessir vegir yfir höfuð verða að vera undir opinberri umsjón og stjórn, er í 4. gr. gjörð ákvörðun um, að sýslumaður á ári hverju sendi nákvæma uppástúngu um þau verk, sem gjöra þarf við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna, og að henni skuli fylgja ágizkunarreikníngur um kostnað þann, er hann hyggur að til þess muni gánga, og að amtmaður eptir því skuli ákveða, að hve miklu leyti verkið skuli framkvæma.

Við 5. gr.

Í þessari grein er sett sú almenna regla, að öll verk við þjóðvegi skuli framkvæma á þann hátt, annaðhvort að einhver sè feinginn til að takast á hendur að láta gjöra verkið fyrir kaup, ellegar þá, að menn sè leigðir til vinnunnar. Það má þar að auki, eins og alþíngi líka bendir til, álíta það rèttast, að það sè reynt, að setja verkið til uppboðs, þar sem því verður við komið; en þar eð það varla ætíð mun heppnast, allrasízt fyrst í stað, að fá verkin við þjóðvegina gjörð fyrir sanngjarnt kaup við uppboð, þá hefir virzt nauðsynlegt að gjöra þá ákvörðun, að yfirvöldin, þegar svo stendur á, geti látið vinna verkið eptir samníngi, og þá helzt þannig, að viss borgun sè ákveðin fyrir vissan vegarkafla, en að öðrum kosti fyrir til tekin daglaun, og þegar hið síðastnefnda vill til, skal sýslumaður, eins og sjálfsagt er, taka áreiðanlega umsjónarmenn til þess að líta eptir, að verkinu verði tilhlýðilega flýtt, og að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

Við 6. gr.

Þó að það að öllum líkindum sjaldan beri að, að það sè nauðsynlegt, að breyta stefnu þeirra þjóðvega, sem eru, hefir það þó þótt rèttast, að gjöra ákvörðun um, hvernig fara skuli að, þegar svo ber undir, eins og líka þegar leggja á nýjan þjóðveg.

Við 7. og 8. gr.

Reglur þær, sem settar eru í þessum greinum, um skyldu jarðeiganda til að láta af hendi bæði land til veganna og tilfaung þau, sem nauðsynleg eru til að gjöra við þá, og sem fáanleg eru á lóðinni, má yfir höfuð álíta samkvæmar reglum þeim, sem híngað til hefir verið fylgt á Íslandi í þessu efni, og eru þær i aðalefninu teknar

eptir frumvarpi því, sem lagt var fyrir embættismannafundinn. Samkvæmt þessu getur jarðeigandanum að öllum jafnaði ekki veitzt uppbót af opinberum sjóði fyrir að leggja til lóð þá, er nauðsynleg er til að leggja veg eða bæta veg, ellegar fyrir tilfaung þau, er gánga til þess, bæði af því, að það, sem hann þannig lætur eptir, jafnaðarlega er lítils virði, og af því, hann fær nægilega uppbót í sjálfri vegargjörðinni, því hann nýtur sjálfur mests góðs af hinni greiðari samgaungu, og hann kemst hjá þeim skemmdum á landi sínu, sem því er hætt við, vegna yfirreiða á ýmsum stöðum, þegar vegunum er ekki haldið í tilhlýðilegu standi; þar á móti hefir sömuleiðis samkvæmt ofannefndu frumvarpi, sem lagt var fyrir embættismannafundinn um árið, virzt ástæða til að gjöra þá undantekníngu, að eigandi, er vegur er lagður yfir eingjar hans, fái sanngjarna, af óvilhöllum mönnum ákveðna, uppbót fyrir það af jafnaðarsjóð .amtsins, ef hann krefst þess, en þó einúngis með því eindregna skilyrði, að sannað verði, að ekki hafi áður verið umferð yfir eingjarnar af ferðafólki.

Við 9.

Eptir Jónsbók áttu vegirnir jafnaðarlega að vera 5 álnir á breidd, eptir konúngsbrèfi 29. aprílm. 1776, 1. gr. þar á móti 6 álnir, og eptir frumvarpi því, er samið var af amtmanni Thórarensen skyldi vegarbreidd aldrei vera minni en 5 álnir, en þó voru nokkrir meðlimir af embættismannasamkomunni á þeirri meiníngu, að vegurinn ætti að vera 6 álnir á breidd.

En nú hefir þótt rèttast, einnig í þessari grein, að gjöra mun á þjóðvegum og aukavegum, og ákveða, að hinir fyrnefndu ætíð, þar sem landslagi er svo varið, að því verði við komið, sè að minnsta kosti 6 danskar álnir á breidd, og aukavegirnir jafnaðarlega 5 álna breiðir, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Við 10.—14. gr.

Þar sem í þessum greinum eru gjörðar nákvæmar ákvarðanir um, hvernig gjöra eigi við þjóðvegina, um það að hlaða skuli vörður og byggja sæluhús, o. s. frv., þá er það samkvæmt frumvarpi því, sem lagt var fyrir embættismannafundinn; einúngis var í því eingin ákvörðun, er svaraði til 13. gr. um brúagjörð yfir litlar ár og læki; en svo hefir virzt, að það bæri að taka inn í frumvarpið þær ákvarðanir, sem um þetta finnast í konúngsbrèfi 29. apríl 1776, 5. gr., svo að alþíngi gæfist kostur á, að segja álit sitt um, að hve

miklu leyti ákvarðanir þessar, sem standa í nánu sambandi við vegaskipan yfir höfuð, og þess vegna eiga heima í almennri vegatilskipun, eigi enn þá við. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að það verður að gefa þeim, sem tekizt hefir á hendur að láta gjöra vinnuna, eða umsjónarmönnum þeim, sem eiga að líta eptir verkum, það í vald, að hafa þá aðferð við sjálfa vinnuna, svo sem grjótsspreingíngar með púðri og þess konar, sem bezt á við, eptir því sem hagar til á hverjum einstökum stað.

Við 15. gr.

Samkvæmt hinum almennu athugasemdum, sem til eru færðar hèr að ofan, er í þessari gr. gjörð ákvörðun um, að útgjöldin til viðgjörðar þjóðvega, viðhalds þeirra, m. fl., skuli greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna. Til þess að koma í veg fyrir, að ofmjög verði þýngt á lausafè með þessum gjaldmáta, hefir í frumvarpið verið tekin upp ákvörðun um, að útgjöldin til þeirra verka, er á ári hverju skal gjöra við þjóðvegina, megi ekki verða meiri en svo, að þau verði greidd með 2 sk. niðurjöfnun á hvert lausafjárhundrað, eins og það líka hefir virzt sanngjarnt, að þar sem það, eptir því sem á stendur, að öðru leyti er ráðlegt, að þá verði lagt á þá sýslu, sem gjörðir eru í nýir vegir, eða vegabætur, sem óvenjulega mikið kveður að, aukatillag allt að 1 sk. af hverju lausafjárhundraði, en samt þannig, að tillögin samtals aldrei gángi fram yfir þá upphæð, sem einu sinni er ákveðin.

Að öðru leyti hefir, hvað greiðslumátann áhrærir, þótt rètt að ákveða, að borgun fyrir verk það, sem einhver tekst á hendur að láta gjöra, skuli að öllum jafnaði greiða þá fyrst, þegar það er sannað með löglegri skoðunargjörð, sem sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst, en samt megi bregða út af þessu, þegar sá, sem verkið lætur gjöra, krefst þess, og verkið er yfirgripsmikið, því þegar svo á stendur, er það sanngjarnt, að nokkur partur af hinu áskilda kaupi sè borgaður smátt og smátt, eptir því sem verkinu miðar áfram. Hins vegar er það sjálfsagt, að þegar verkið er unnið fyrir viss daglaun, verður að ákveða nákvæmar útgreiðslutímann, um leið og daglaunamenn eru ráðnir.

Við 16. gr.

Gr. 16.—26. innihalda reglurnar um viðgjörð og viðhald aukavega þeirra, sem nauðsynlegir eru til opinberra þarfa. Í hinni fyr-

nefndu af greinum þessum er það ákvarðað, samkvæmt því sem áður er um getið, að það framvegis skuli vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra við og viðhalda hinum almennu aukavegum, sem liggja um hreppinn, og að vinna sú, sem nauðsynleg er í téðum tilgángi, sè skylduvinna, nema hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kjósi heldur, að einhver takist á hendur að láta gjöra verkið, eða menn sè leigðir til þess.

Í sambandi við þessa reglu hefir það virzt nauðsynlegt, að setja slíkar ákvarðanir, að skylduverkum gæti orðið jafnar skipt niður, en híngað til hefir verið. Eptir því sem alþíngi hefir skýrt frá, þá eru, nú sem stendur, slíkar ójöfnur á vegagjörðarbyrðinni á Íslandi, að bóndi sá, er eingin vinnuhjú heldur, leggur jafnmikið verk til og sá, sem heldur 10 eða fleiri verkfæra vinnumenn. Þessi aðferð, sem að öðru leyti naumast er byggð á nokkru lagaboði (sbr. þó konúngsbr. af 29. aprílm. 1776, 8. og 9. gr.), en hefir þó átt stað um leingri tíma, er, eins og alþíngi líka hefir bent á, svo ósanngjörn, að ekki ætti að láta hana haldast við. Eptir því sem ástatt er á Íslandi, mun það þar á móti í þessu tilliti vera rèttast, að fylgja þeirri reglu, sem sett er í frumvarpi því, er lagt var fyrir samkomu embættismannanna, en eptir henni á að jafna vinnunni niður eptir tölu allra verkfærra karlmanna í hreppnum frá 18. til 60. árs, og þar eð alþíngi skýlaust hefir látið í ljósi, að eingin undantekníng mætti verða frá hluttekníng í vegaskyldunni til vegavinnu, sem ekki heldur verður neitt á móti haft, þegar ákvarðanir þær, sem settar eru í 20. gr. um, að senda megi annan mann í sinn stað, eða greiða fjárgjald, í stað þess að láta af hendi skylduvinnu, verða samþykktar, þá hefir svo litizt, að reglan yrði bezt orðuð þannig, að skyldan til að láta ofannefnd vegaverk í tè, liggi á öllum verkfærum karlmönnum í hreppnum frá 18 til 60 ára aldurs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða eigi, og yrði þá með því móti ekki einúngis embættismenn, stúdentar, skrifarar, o. s. frv., undirgefnir ofannefndri skyldu, heldur einnig kaupstaðabúar.

Ef notuð yrði ofannefnd breytíng á aðalreglunni um það, að vegaverk við aukavegina eigi að láta af hendi sem skylduvinnu, og þau því eptir ályktun hreppsbænda verða unnin af einhverjum, sem tekst það á hendur, eða af leigðum mönnum, þá er það sjálfsagt, að hreppsbændur eiga einnig að ákveða, á hvern hátt verkið skuli vinna, hvort heldur með því að setja það til uppboðs, eða gjöra samníng um það án uppboðs (sbr. 5. gr. hèr að framan). Það er

þar að auki álitið rèttast, að útgjöldunum, sem gánga til þess, sè jafnað niður eptir hinni sömu reglu, þ. e. a. sk. á hina sömu menn, sem eiga að láta áðurnefnda skylduvinnu í tè, og á þá húsbóndinn að öðru leyti, þegar svo ber að, að borga fyrir börn þau og vinnufólk, sem eru heimilisföst hjá honum.

Við 17. gr.

Eins og það er ákveðið í 4. gr., að amtmaðurinn eptir uppástúngu frá sýslumanninum ákveði, hver verk skuli gjöra á ári hverju við þjóðvegina, þannig er það í þessari grein, hvað aukavegi þá snertir, sem eiga að vera undirgefnir opinberri umsjón og stjórn, falið sýslumönnum á hendur, að gjöra viðlíka ákvörðun eptir uppástúngu hreppstjóranna, en hreppstjórar eiga að gjöra þá ráðstafan, sem þarf, til þess að framkvæma verkið, samkvæmt reglum þeim, sem nákvæmar eru fyrirskipaðar í frumvarpinu.

Við 18. gr.

Þar eð það eptir aðalreglunni í 16. gr. er skylda sèrhvers hrepps fyrir sig, að gjöra við og viðhalda aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, þá verða líka hin sèrstaklegu útgjöld, er standa kynni af aukavegunum, eins og til brúasmíðis, eða til að útvega verktól þau, sem ekki verður krafizt að hið vinnuskylda fólk hafi með sèr, að greiðast á sama hátt, og kostnaðurinn til sjálfrar vegavinnunnar, og því hefir verið sett sú ákvörðun í þessa grein, að slíkum útgjöldum eigi að jafna niður á þá, sem eptir 16. gr. eiga að láta skylduverk af hendi, svo framarlega sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. gr., getur ekki staðið straum af þeim.

Við 19. gr.

Hvað tilbúníng og viðgjörð aukavega og skyldu eigandans áhrærir, til þess að leggja til lóð þá og tilfaung, sem nauðsynleg eru til þess, þá hefir verið haldið, að reglum þeim, sem hèr að framan eru settar um þjóðvegi, mætti yfir höfuð að tala fylgja, sjálfsagt með þeim tilbreytíngum, sem nauðsynlegar kynni að vera vegna ásigkomulags veganna og vegna þess, hvað ýmislega hagar til á hinum einstöku stöðum, og er því ákvörðun um þetta sett í þessa grein; að öðru leyti má, hvað breidd vega þessara snertir, skírskota til athugasemda þeirra, sem gjörðar eru við 9. gr. hèr að ofan.

Við 20. — 25. gr.

Í þessum greinum eru nokkrar nákvæmari reglur um það, hvernig skylduvinnuna skuli af hendi leysa; eru þær í aðalefninu teknar eptir hinu optnefnda eldra frumvarpi, og þykir ekki þörf á, að færa frekari ástæðu fyrir þeim. Þó skal þess getið, hvað vegasjóð þann snertir, sem talað er um í 20. gr., að í hinu eldra frumvarpi var stúngið upp á, að sektum þeim, sem ákveðnar eru fyrir það, að menn koma ekki til vegavinnunnar eða forsóma hana, skyldi skipta upp til helmínga milli jafnaðarsjóða amtanna og hlutaðeigandi hreppstjóra en þar eð það virðist vera eðliiegast, að sektum þeim, er greiða skal, þegar skylduvinnan er vanhirt, sè varið til hagsmuna fyrir vegi þá, er hlut í eiga, þá virðist rèttast í þessum tilgángi, að stofna vegasjóð fyrir hvern hrepp, og láta gjalda til hans bæði tèðar sektir og einnig þær, er lúka skal fyrir skemmdir á aukavegum, sbr. niðurl. 29. gr.

Við 26. gr.

Samkvæmt aðalreglu þeirri, sem sett er í 17. gr., er ákveðið í gr. þessari, að þegar einhver hefir tekizt á hendur vegagjörð við aukavegina, eða þegar leigðir menn eru hafðir til þess, skuli hreppstjórarnir hafa umsjón með, að verkið verði af hendi leyst samkvæmt ákvörðunum þeim, sem hreppsbændur hafa samþykkt.

Við 27. — 30. gr.

Í þessum greinum eru settar nokkrar almennar reglur viðvíkjandi umsjóninni, bæði með þjóðvegum og aukavegum, hegníngum fyris vegaskemmdir og málssóknum í vegamálum, og skal með tilliti til ákvarðana þessara, sem með nokkrum breytíngum eru teknar eptir hinu eldra frumvarpi, bæta því einu við, að eins og sektir þær, sem lúka skal fyrir skemmdir á aukavegum, eptir því sem hèr að ofan við 20. gr. er um getið, eiga að falla í vegasjóð hreppsins, þannig leiðir það af reglu þeirri, sem sett er í 15. gr. um það, að kostnaðinn til nýrra þjóðvega og viðgjörðar þeirra eldri þjóðvega skuli greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, að sektirnar fyrir skemmdir á þessum vegum verða að falla í þessa sjóði.

Við 31. gr.

Þar eð tilskipun þessi á að koma í staðinn fyrir reglur þær, sem híngað til hafa gilt um vegaskipun eptir Jónsbókar landsleigu-

bálks 44. kap., og konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, þá er í þessa grein tekin beinlínis ákvörðun um þetta, og hefir einnig virzt rèttast af líkum ástæðum og þeim, sem til eru færðar við 13. gr. í þessu frumvarpi, að bæta við ákvörðun um, að reglur þær, sem fyrirskipaðar eru í Jónsbókar landsleigubálki 45. kap. og konúngsbrèfi 29. apríl 1776, § 6, um hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll, framvegis skuli vera í gildi, er alþíngi með því gefst kostur á, að láta í ljósi álit sitt bæði um það, hvort ofannefndar ákvarðanir, sem þegjandi var farið fram hjá í frumvarpi því, sem áður hefir verið um getið, og eins um hitt, að hve miklu leyti það sè nóg, eins og hèr er gjört, að skírskota til tèðra ákvarðana sem gildandi, eða það, ef til vill, kynni virðast rèttara, að taka innihaldið sjálft inn í þessa tilskipun.

# VIII.

# Lagaboð,

sem út hafa komið í Danmörku 1857—1859, og gjörð voru að umtalsefni á alþíngi 1859, hvort þau skyldi lögleiða á Íslandi.

1.

## Lagaboð

fyrir Færeyjar,
um
proclamata í búum.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, &
Gjörum kunnugt: Ríkisþíngið hefir fallizt á, og vèr með samþykki Voru staðfest.

§ 1.

Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, sem og í uppboðsbúum og þrotabúum og í öðrum búum, sem proclama á að gefa út í til

skuldaheimtumanna, gefa það út með 3 mánaða fyrirvara, þegar hlutaðeigandi, eptir þeim kríngumstæðum, sem fyrir hendi eru, ekki getur álitizt að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar en á Færeyjum; þegar þetta þar á móti á sèr stað, á innköllunin að fara fram með 6 mánaða fyrirvara.

Að öðru leyti skal það atvik, að hlutaðeigandi hefir búið, eður átt samastað annarstaðar en á Færeyjum, út af fyrir sig ekki ráða því, hvort þann síðarnefnda fyrirvara eigi við að hafa, þegar liðið er áður en hann deyr, eða það atvik, sem gaf tilefni til skipta, ber að, meir en 1 ár frá þeim tíma, sem hann fór þaðan í burtu, og yfirgaf þá stöðu, sem hann þar hafði.

§ 2.

Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. grein, mega fara fram með 3 mánaða fresti, á að birta á Færeyjum á þann hátt, sem áður hefir verið vandi til.

Þar á móti eiga þær innkallanir, sem gjöra skal með 6 mánaða fyrirvara, auk þess að þær á að birta á fyrnefndan hátt, jafnframt að auglýsast í „Berlínga pólitisku og Advertissementstíðindum". Frestinn á að telja frá seinasta birtíngardegi.

§ 3.

Samkvæmt framangreindum ákvörðunum fellur í burtu bæði leyfisbrèf til að gefa út proclama í búum, sem híngað til þurfti í ýmsum tilfellum, og hin lögboðna þínglýsíng af proclamatibus. Ákvörðun Norskulaga í 6. bókar 13. kap. 27. articula er hèr með, hvað Færeyjar snertir, úr lögum numin.

§ 4.

Við skipti á dánarbúum eptir þá menn, sem eptir lífsstöðu þeirar ekki eru líkindi til að hafi staðið í nokkrum óvenjulegum viðskiptum út af verzlun eða þvílíku, má sleppa hvers konar innköllun, án tillits til, hvort hinn dáni lætur mikið eða lítið eptir sig, þegar erfíngjarnir, eða þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vilji taka að sèr að gegna búsins lögmætu skuldum, ef einhver skuldakrafa kynni að koma upp seinna.

§ 5.

Þær framangreindu ráðstafanir koma einnig til greina, þegar

ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út proclama til þeirra, sem eiga til skuldar að telja hjá manni hennar, eða þegar erfíngjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út proclama til arfleifandans skuldaheimtumanna.

§ 6.

þetta lagaboð fær lagagildi þann 1. maí 1859.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

---

2.

# Lagaboð

áhrærandi

nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúss vinnu.

30. nóv. 1857.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, &

Gjörum kunnugt: Ríkisþíngið hefir fallizt á, og vèr með samþykki Voru staðfest.

§ 1.

Í þeim tilfellum, sem einhvern ber að dæma eptir lögum þeim, er híngað til hafa gilt, í tugthúsvinnu í 6 ár eða skemur, á að dæma hann í þess stað í betrunarhússvinnu. þegar eptir nú gildandi lögum á að dæma til betrunarhúsvinnu leingur en í 6 ár, kemur tugthúsvinna í staðinn. Undanskilin er þó hegníng fyrir flakk og betl, því um þá hegníngu og fullnustugjörð hennar, fer fyrst um sinn eptir þeim lagareglum, sem híngað til hafa verið gildandi.

§ 2.

þeir afbrotamenn karlkyns, sem dæmdir yrðu til vinnu í betrunarhúsi, eiga yfir höfuð að tala að afplána þá hegníngu með vinnu í einhýsi, og hafast þar við bæði nótt og dag, með þeirri linun í hegníngarvinnunni, að þegar einhver er dæmdur í 8 mánaða vinnu kemur í staðinn 6 mánaða vinna í einhýsi, og sè hann dæmdur til lengri betrunarhúsvinnu, færist hegníngarvinnutíminn niður um þriðj-

úng fyrir fyrstu 3 árin, og um helmíng fyrir hvert af árunum, sem þar er fram yfir. Þar á móti veitist eingin linun í hegníngarvinnutímanum, að því leyti sem hlutaðeigandi afplánar hegnínguna, annaðhvort í þeim eldri betrunarhúsum eða í þeim nýju, í sameiginlegum vinnustofum; og að því leyti hann, nokkurn hluta af þeim vinnutíma, sem í áfellisdóminum yfir honum er ákveðið, hefir verið settur til vinnu í einhýsi, styttist hegníngartíminn einúngis í hlutfalli við þann tíma, sem hann í samfellu hefir setið í einhýsi 60 dögum leingur, og reiknast þetta, þegar svo stendur á, út af fyrir sig fyrir hvert tímabil, sem verið hefir í samfellu, samkvæmt reglum þeim, sem nú voru tilgreindar.

Sá tími, sem einhver kynni að hafa verið settur og honum refsað með einhýsi, fyrir afbrot í sjálfu hegníngarhúsinu, kemur ekki til greina til þess að stytta hegníngarvinnutímann.

§ 3.

Ákvörðun sú, sem 2. grein inniheldur, kemur til greina um þá, sem eru, þegar lagaboð þetta verður að lögum, farnir að afplána hegníngu þá, sem þeir eru dæmdir í, í hinum eldri betrunarhúsum að því leyti þeir, eptir því sem löggæzluráðherrann segir fyrir, yrði fluttir yfir í þau nýju betrunarhús, og settir þar til vinnu í einhýsi.

---

3.

# Lagaboð

sem breytir 10. atriði í 3. gr. í tilsk. frá 30. apr. 1824 um embættisskyldu prestanna í tilliti til hjónabands.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, &

Gjörum kunnugt: Ríkisþíngið hefir fallizt á, og Vèr með Voru samþykki staðfest eptirfylgjandi lagaboð.

Sá fjárstyrkur, sem einhver áður kynni að hafa þegið af sveit, og ekki endurgoldið, skal því að eins vera giptíngu hans til fyrirstöðu, að hann hafi þegið þenna fjárstyrk á seinustu 5 árunum, því þegar svo er ástatt, má honum ekki leyfast að gipta sig, nema sveitarstjórnin í þeim hrepp, sem hann er sveitlægur í, lýsi því yfir, að hún fyrir sitt leyti ekki hafi neitt á móti giptíngunni.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

4.

# Lagaboð

um

myndugleika kvenna.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, &

Gjörum kunnugt: Ríkisþíngið hefir fallizt á, og Vèr staðfest með samþykki Voru.

§ 1.

Frá 1. maí 1858 eru ógiptar stúlkur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og þegar þær eru orðnar fullra 25 ára, eru þær fullmyndugar.

§ 2.

Því fè, sem þá stendur inni í fjárhaldssjóðunum og ógiptar stúlkur, sem orðnar eru 18 ára gamlar, eiga, mega þær ekki segja upp til útborgunar fyr en að 3 árum liðnum frá því þetta lagaboð hefir feingið lagagildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

# B.

# VIÐBÆTIR.

## Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,

sem út eru komnar, síðan alþingi var slitið

**1857.**

I.

# Konúngleg auglýsíng

til alþíngis

um

árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1857.

---

VÈR FRIÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldenborg, sendum Voru trúa alþíngi kveðju guðs og Vora!

Vèr höfum með allrahæstri velþóknun meðtekið þegnlegt ávarp alþíngis, og hefir Oss verið það ánægjusamt að sjá af því, hversu alþíngi metur tilraunir Vorar til að efla hag Vorra trúu og kæru þegna á Íslandi og framfarir landsins. Og eins og tilraunir Vorar framvegis skulu stefna að þessu sama takmarki á sama hátt og að undanförnu, eins treystum Vèr því, að alþíngi láti í tè til þessa hyggilega og trúlynda aðstoð sína. — En þar sem alþíngi í áður greindu þegnlegu ávarpi sínu hefir þótt ástæða til þess, að gjöra þá athugasemd, að íslenzka verzlunarmalinu hafi á sínum tíma verið ráðið til lykta, án þess þíngið væri kallað til ráðaneytis um hin síðustu úrslit málsins, þá skal þess getið, að bæði liggur það í augum uppi, að þetta mál, er mjög snertir hagsmuni þegna Vorra í Danmörku, og einkum hinnar dönsku verzlunarsèttar, eigi varð leitt til lykta, án þess ríkisþíngið ætti þátt í því, og svo þótti einnig því síður ástæða til að bera mál þetta, er einusinni hafði verið rætt á alþíngi, aptur undir álit þíngsins eptir að búið var að semja nýtt frumvarp, sem frumvarp þetta, eins og viðurkennt er í ávarpi alþíngis, í flestum aðalatriðum var samkvæmt tillögum þeim, er komið höfðu frá þínginu; hefði þetta einnig að minnsta *kosti* um hríð

ollað drætti á endalokum málsins, er Íslendíngum láu svo ríkt á huga.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþíngis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess sumarið 1857, og aðrar uppástúngur þíngsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið:

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþíngi:

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem vèr höfum feingið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþíngis:

1. Tilskipun 27. maí þ. á., sem lögleiðir á Íslandi með breytíngum lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peníngum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.
2. Opið brèf s. d. um breytíng á reglum þeim, sem gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsíngum í blöðunum í vissum tilfellum.
3. Opið brèf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 13. sept. 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.

Lagaboð þessi eru yfir höfuð að tala samkvæm tillögum alþíngis, að undanskyldum fáeinum orðabreytíngum, er litlu varða.

Alþíngi hefir enn fremur farið fram á það, að lög 8. marz 1856, er bjóða hæstarètti að tilgreina ástæður fyrir dómum sínum, yrðu löggilt á Íslandi; en þetta hefir eigi þótt nauðsynlegt, og virðist jafnvel ekki eiga við, þar eð lögum þessum samkvæmt efni þeirra hefir þegar um leingri tíma fylgt verið, einnig þegar Ísland hefir átt hlut að máli. Þar á móti hefir lögum þessum verið snúið á íslenzku, svo að þau þar á eptir verði birt almenníngi á venjulegan hátt.

Um það, hvort löggilda skuli á Íslandi lög 2. apríl 1855 um innköllun hinna gömlu ríkisorta, mun verða birtur nákvæmari úrskurður þegar brèfaviðskiptum þeim er lokið, sem nú eiga sèr stað milli dómsmálastjórnarinnar og fjárhagsstjórnarinnar.

Um þegnlegt álitsskjal alþíngis viðvíkandi því að koma á reglulegum gufuskipaferðum milli Kaupmannahafnar og Íslands, skal þess getið, að þetta nú er komið á síðan 1. apríl f. á., eptir að ríkisþíngið var búið að veita fè það, er til þess þurfti. — Í álitsskjali þessu var því einnig farið á flot, að póstgaungum á Íslandi verði, að því leyti því verður við komið, til bráðabyrgða hagað samkvæmt

gufuskipsferðunum, og að frumvarp til reglugjörðar um betri skipun á póstgaungum á Íslandi verði samið og lagt fyrir alþíngi; mun fulltrúi Vor gjöra þínginu kunnugt, hvað um þessi efni hefir verið af ráðið.

Vèr höfum með allrahæstri velþóknan meðtekið þegnlegt álitsskjal alþíngis um mál það, er fyrir þíngið var lagt, um leyfi fyrir útlenda menn til að byggja fiskiverkunarhús á Íslandi m. m.; mun álit það, er þíngið hefir látið í ljósi í þessu máli, verða til greina tekið þegar svo ber undir; svo mun og stjórnin, að því leyti sem alþíngi hefir beðið um, að nákvæmt eptirlit verði haft með fiskiveiðum útlendínga við strendur Íslands, láta sèr umhugað um, að gjöra þær ráðstafanir í því efni, er bezt hentar, og hefir til þessa verið gjörð nokkur tilraun nú þegar.

Í þegnlegu álitsskjali alþíngis um það, hvort leggja skuli fyrir þíngið áætlun um tekjur og útgjöld Íslands, og um hlutteknínguÍslands í útboði til hins konúnglega herflota, hefir alþíngi viðvíkjandi hinu fyrnefnda atriðinu ráðið frá því, að tekju- og útgjalda áætlun Íslands verði lögð fyrir alþíngi til ráðaneytis, en beðið um að þínginu allramildilegast verði veitt ályktandi vald, hvað þessa tekju- og útgjaldaáætlun snertir, og að frumvarp eður uppástúnga um hið nákvæmara fyrirkomulag á þessu verði lagt fyrir þíng það, er nú fer í hönd.

En hversu geðfellt sem það hefði verið Oss, að geta orðið við bæn alþíngis í þessu efni, hefir máli þessu, sem íhuga þarf á marga vegu, og stendur í nánu sambandi við það, hvort alþíngi verði veitt meira vald yfir höfuð að tala, eigi orðið komið svo lángt áleiðis, að lagafrumvarp um það efni hafi í þetta skipti getað orðið lagt fyrir alþíngi. En að öðru leyti er það sjálfsagt, að stjórnin mun eptirleiðis hafa sèrdeilislegt athygli á máli þessu, og ekki láta hjá líða að taka það á ný til íhugunar undir eins og kríngumstæðurnar með nokkru móti leyfa.

Hitt atriðið í álitsskjali því, sem hèr ræðir um, er lýtur að hlutteknínguÍslands í útboði til flotans, er fyrst um sinn látið við svo búið standa, þar eð alþíngi hefir ráðið frá, að slík útboðsskylda verði að svo komnu lögð á Ísland.

Í álitsskjali alþíngis viðvíkjandi máli því, er fyrir það var lagt um nýtt jarðamat á Íslandi, er eitt atriði, sem miklu varðar, er Vèr ekki höfum getað allramildilegast fallizt á, en þetta atriði lýtur að þeim mælikvarða, sem reikna ætti eptir jarðarhundruðin; vegna þessa

hefir Oss eigi litizt að löggilda frumvarp það til nýrrar jarðabókar, er lagt var fyrir alþíngi árið 1857 eins og alþíngi fèllst á það; þar á móti hefir verið samið frumvarp til jarðabókar, og eru jarðarhundruðin þar reiknuð eptir öðrum mælikvarða; verður frumvarp þetta nú borið undir álit þíngsins, ásamt frumvarpi til tilskipunar um löggildíngu jarðabókar þessarar á Íslandi.

Frumvarp það til tilskipunar um vegina á Íslandi, er alþíngi samdi, hefir eigi orðið tekið til greina, af þeim ástæðum er fulltrúi Vor mun gjöra þínginu kunnugar; en þar eð Oss á hinn bóginn hefir þótt ísjárvert, að gjöra frumvarp það til slíkrar tilskipunar, er stjórnin áður lagði fyrir alþíngi, óbreytt að lögum, verður mál þetta nú á ný borið undir álit alþíngis þess, er nú fer í hönd.

Uppástúngur þær, er alþíngi bar fram í þegnlegu álitsskjali, um það hvernig rýma skyldi burt fjárkláðanum á Íslandi, virtust ekki svo til fallnar, að þær yrði teknar til greina. Þar á móti hefir stjórnin, með því að neyta framkvæmdarvalds síns, leytast við að gjöra hinar hagfelldustu ráðstafanir til þess að eyða sýki þessari, er landinu vinnur svo mikið tjón; og hefir ríkisþíngið góðfúslega látið í tè kröptuga aðstoð sína í þessu efni.

Eptir að nú er búið að fá skýrslur þær og uppástúngur, er alþíngi beiddist á sínum tíma viðvíkjandi því, hvernig fè feingist, er þyrfti til stofnunar barnaskóla í Reykjavík og framhalds skóla þessa eptirleiðis, verður mál þetta nú á ný lagt fyrir alþíngi ásamt upplýsíngum þeim, er nú var á vikið, og lagafrumvarpi, er um þetta efni hefir samið verið.

## II.

Um þegnlegar bænarskrár Vors trúa alþíngis birtum Vèr þínginu allramildilegast á þessa leið:

1. Eptir þegnlegri bænarskrá alþíngis höfum Vèr allramildilegast veitt, að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem hèr eptir koma út fyrir Ísland, verði, á sama hátt og hinn danski texti, undirskrifaður af konúngi og hlutaðeigandi ráðgjafa.
2. Vèr höfum að vísu ekki nú sem stendur sèð oss fært, að leggja fyrir alþíngi, eins og farið var fram á í bænarskrá þess, lagafrumvarp um fyrirkomulag á stöðu Íslands í ríkinu. En Vèr viljum láta oss vera annt um það, svo fljótt sem kríngumstæður leyfa, að leiða mál þetta til lykta á þann haganlegasta hátt, sem verða má; og skulu þá, þegar málið kemur til íhug-

unar, tillögur alþíngis verða teknar til greina, svo sem framast er unnt.

3. Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að Seyðisfjörður í Norður-Múlasýslu yrði gjörður að aðalverzlunarstað í Austfirðíngafjórðúngi í stað Eskifjarðar. En Vèr höfum eigi fundið ástæðu til að gjöra nú þegar slíka breytíngu á lögum 15. apríl 1854, sem svo nýlega eru komin út, og það því síður, sem það yrði óumflýjanlegt, ef breytíng þessi væri gjörð, að setja sèrstakan lögreglustjóra á Seyðisfirði; en það virðist ótiltækilegt, eins og nú stendur á, að leggja þá byrði, sem af því flýtur, á hlutaðeigandi jafnaðarsjóð, sem eptir opnu brèfi 24. nóvembr. 1856 ætti að greiða laun handa embættismanni þessum. Að öðru leyti mun fulltrúi Vor skýra alþíngi frá ástæðum þeim, er ráðið hafa úrslitum máls þessa.

4. Út úr því, sem alþíngi beiddi um, að ný helgidagatilskipun yrði samin fyrir Ísland, og lögð fyrir alþíngi, verður nú frumvarp til opins brèfs um breytíngu á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi borið undir álit þíngsins.

5. Alþíngi hefir í þegnlegri bænarskrá farið fram á, að ölmusum við prestaskólann í Reykjavík yrði fjölgað og aukinn húsaleigustyrkur sá, er prestaefnum þeim, er gánga á skóla þenna, er veittur. Þar eð prestaskólinn eingaungu hefir fè það, er til hans þarfa er lagt, úr ríkissjóðnum, og fè þetta er veitt með hinum árlegu fjárhagslögum ríkisins, heyrir málefni þetta undir úrlausn ríkisþíngsins. Annars er nú í fjárhagslögum yfirstandandi árs, eptir tillögum skólastjórnarinnar á Íslandi, húsaleigustyrkurinn handa áðurgreindum prestaefnum hækkaður; en viðvíkjandi fjölgun á ölmusunum, hefir hlutaðeigandi ráðgjafi skrifað skólastjórninni á Íslandi.

6. Frá alþíngi hefir enn á ný komið bænarskrá um það, að hinn svo nefndi íslenzki kollektusjóður verði reistur á ný eptir reikníngum, er byggðir sè á konúngsúrskurðum 29. marz og 18. október 1786, m. m. En þar eð mál þetta, eins og til er greint í konúnglegri auglýsíngu 27. maí 1857, er fullkomlega á enda kljáð með allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844, hefir ekki virzt nein ástæða til að taka til greina bænarskrá þá, er hèr ræðir um. Umkvartanir þær, er í bænarskránni eru, yfir hinum fyrri úrslitum málsins, geta því síður álitizt á rökum byggðar, sem áður greindur konúngsúrskurður var lagður

á málið eptir að hlutaðeigandi stjórnarráð voru búin að ráðslaga um það vandlega og út í yztu æsar, og nákvæm ransókn og reikníngar höfðu um það gjörðir verið, og málið loksins hafði verið rætt af nefnd manna, þar sem menn, er til þess voru kjörnir úr hinum ýmislegu stjórnarráðum, áttu sæti; einnig var við úrslit málsins sú niðurstaðan látin ráða, er mest var í hag fyrir sjóðinn.

7. Vèr höfum allramildilegast fallizt á þegnlega bænarskrá alþíngis um það, að settir verði 2 málaflutníngsmenn við landsyfirrèttinn á Íslandi, og hefir samkvæmt þessu dómsmálastjórn Vor 30. júlí f. á sett 2 lögfróða menn til þess fyrst um sinn að hafa á hendi málaflutnínga við yfirrèttinn, með þeim skilmálum, að þeim veitist sami einkarèttur til að flytja mál við yfirrèttinn, eins og lög heimila málaflutníngsmönnum í konúngsríkinu; að þeir fái hvor um sig 250 rd. í laun á ári; að fè þetta fyrst um sinn í 3 ár verði greitt úr dómsmálasjóði Íslands, og að síðan verði leitað álits alþíngis um það, hvaðan greiða skuli laun þeirra, ef sú raun verði á, að dómsmálasjóðurinn geti ekki eptirleiðis látið af hendi fè þetta.

8. Vèr höfum ekki fundið neina ástæðu til að fallast á þá þegnlegu beiðni alþíngis, er það nú hefir endurnýjað um, að breytt verði 15. gr. í tilskipun 26. janúar 1821, og stofnaður í Reykjavík kennsluskóli handa íslenzkum lögfræðíngaefnum; má annars þíngið eiga von á því, að fulltrúi Vor skýri því frá ástæðum þeim, er ráðið hafa úrslitum máls þessa.

9. Þar sem beðið er um í þegnlegri bænarskrá alþíngis, viðvíkjandi umbótum á læknaskipun á Íslandi, að stofnaður verði læknaskóli í Reykjavík, þá hefir, af ástæðum þeim, er fulltrúi Vor mun skýra þínginu frá, eigi virzt vera ástæða til að fallast á þenna hluta bænarskráarinnar; eigi verður heldur við því búist, að útgjöld þau, er þyrfti til að setja 7 lækna, er bænarskráin fer fram á, geti feingizt greidd úr ríkissjóðnum. Eins og nú er ástatt, hefir það þar að auki þótt ótiltækilegt, að leggja á jafnaðarsjóðu amtanna gjöld þau, er stúngið var upp á að gánga skyldi til styrktar læknisfræðisiðkurum við háskólann; enda getur eigi styrkur þessi álitizt nógur til þess að ná augnamiði því, er til var ætlast.

Um uppástúngur þær, er gjörðar voru í 3., 4. og 5. tölulið áður greindrar bænarskrár, hefir dómsmálastjórn Vor ritað hlut-

aðeigandi embættismönnum á Íslandi. Að öðru leyti mun stjórnin eptirleiðis láta sèr vera annt um, að betra skipulag komist á um lækna og yfirsetukonur á Íslandi, á þann hátt sem áformað hefir verið samkvæmt fyrri tillögum alþíngis, og mun fulltrúi Vor skýra þínginu frá aðalatriðunum í því efni.

10. Af ástæðum þeim, er fulltrúi Vor mun nákvæmar skýra þínginu frá, hefir ekki orðið tekin til greina þegnleg bæn alþíngis um, að leyft verði að veita móttöku á leigu í hinn íslenzka jarðabókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd.

11. Um leið og alþíngi hefir gjört ráð fyrir, að því yrði veitt meira vald, en híngað til hefir verið, til að ákveða um tekjur og útgjöld Íslands, hefir þíngið farið því á flot, að eingin sala á opinberum eignum í landinu fari hèr eptir fram, áður um það sè feingið álit alþíngis. En með því það, sem alþíngi byggir bæn sína á, enn ekki hefir orðið veitt, geta eigi tillögur þíngsins í þessu efni nú sem stendur orðið teknar til greina; þar á móti munu þær verða teknar til íhugunar, þegar því verður ráðið til lykta, hvort, og þá á hvern hátt, veitt verði alþíngi hlutdeild í meðferð á fjárhagsmálum Íslands. Annars hefir stjórnin nú leingi fylgt þeirri reglu, að láta ekki selja opinberar eignir á Íslandi, þó þráfaldlega hafi verið um það sótt, og embættismenn á Íslandi hafi mælt með því; og þegar í svo sem tveimur einstöku tilfellum hefir verið brugðið út af reglu þessari, þá hafa verið til þess öldúngis sèrstaklegar ástæður, eins og alþíngi mun að nokkru leyti vera kunnugt.

Nefnd sú, er sett var til að semja hússtjórnarlög fyrir Ísland, hefir nú lokið starfa sínum, en með því skjölin frá nefndinni eigi hafa borizt hlutaðeigandi ráðgjafa fyrri en í næstliðnum mánuði, hefir eigi verið tími til að rannsaka málið svo nákvæmlega, að uppástúngur um það efni í þetta skipti verði lagðar fyrir alþíngi.

Til staðfestíngar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsíng Vora, og heitum Voru trúa alþíngi hylli vorri og konúnglegri mildi.

*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 27. dag maímánaðar 1859.*

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

II.

# Lög

er

skipa fyrir að hæstirèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum.

---

VÉR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hèrtogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmerki, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþíngið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki Voru:

1. gr.

Hæstirèttur á að tilgreina ástæður þær, sem dómar hans eru byggðir á.

2. gr.

